

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

37. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIÐVIKUDAGUR 22. FEBRÚAR 2023



Mikill fjöldi fólks rann á lokkandi ilminn frá Múlakaffi í gær þar sem var að venju boðið upp á dýrindis saltkjöt og baunir á sprengideginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framfærsla ef fólk er á vonarvöl

KJARAMÁL Óljóst er hvornig þúsund-ir Eflingarfólks eiga að framfleyta sér í boðuðu verkbanni SA. Framfærsluskylda er á sveitarfélögum og fjölskyldum en tekur aðeins gildi sé fólk komið í mjög alvarlega stöðu.

„Það væri þá ekki nema í kjölfar hamfara á vinnumarkaði þar sem fólk væri án framfærslu í lengri tíma,“ segir Heiða Hilmisdóttir. **SJÁ SIÐU 4**



Heiða Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tapa milljónum á orkunni

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill að tryggt verði með lögum að virkjanir skili tekjum til þeirra svæða þar sem orkan verður til. Hann segir nýleg gögn sýna að tap sveitarfélagsins af orkuframleiðslu hlaupi á tugum milljóna á meðan Landsvirkjun mali gull.

ggunnars@frettabladid.is

ORKUMÁL Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir fráleitt hve lítið sveitarfélög beri úr bytum af orkuframleiðslu landsins.

„Við erum með nýlega greiningu KPMG í höndunum sem sýnir að



Samfélagið hefur engan ávinning af orkustarfsemi sem á að heita grundvöllur velmegunar í þessu landi.



Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

tekjur samfélagsins koma allar til frádráttar í gegnum jöfnunarsjóð,“ segir Haraldur.

Þannig hafi Landsvirkjun greitt 240 milljónir í formi fasteignagjalda til Skeiða- og Gnúpverjahrepps á síðasta ári en skerðingin sem komi á móti hljóði upp á 270 milljónir.

„Við hreinlega töpum á þessu. Samfélagið hefur engan ávinning af orkustarfsemi sem á að heita grundvöllur velmegunar í þessu landi,“ segir Haraldur.

„Eins og þetta er í dag er engin ástæða til að gefa út nein framkvæmdaleyfi til að mæta orkuskiptum,“ segir Haraldur.

Hann vill að á þessu verði gerð bragabót með lagasetningu strax á vorþingi. **SJÁ SIÐU 8**

SPORT 14



Landsliðsmenn í misjöfnu ástandi

LÍFIÐ 26

Velliðan er valkostur



MENNING 23



Skulptúr Koons splundrað



Frumfærsla
5. mars!

DRAUM
PIÓFURINN



Þjóð
leik
húsið

leikhusid.is



Það var stuð og stemning í Smáralindinni á öskudaginn í fyrra.

Taka vel á móti börnum í Kringlu og Smáralind

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Öskudagurinn verður haldinn hátíðlegur í Kringlunni og Smáralind í dag. Í Kringlunni hefst dagskráin kl. 13.30 með fríri kvikmyndasýningu og ókeypis myndatöku á göngugötunni. Klukkan 14 verður hægt að slá köttinn úr sekknum á Blómatorginu og svo hefst aftur kl. 16 kvikmyndasýning sem er ókeypis á.

Í Smáralind verður ekki sérstök dagskrá en vel tekið á móti börnum að sögn markaðsstjóra.

„Við erum með skemmtilega gagnvirkra sýningu í gangi sem heitir Talnatöfrar og það er tilvalið fyrir foreldra að kíkja á hana með krökkunum á öskudaginn. Einnig verðum við með myndabás á milli kl. 12 og 15. Smáratívoli verður svo með tilbod á skemmtisvæðinu hjá sér þar sem þau bjóða 60 prósentu afslátt af leikjakortum,“ segir Sandra Arnardóttir, markaðsstjóri Smáralindar. ■

Upp er runninn öskudagur



Breki Snær Baldursson og Hrannar Hólm Eliasson voru í góðum gir þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Partýbúðina í gær. Þar var fjöldi fólks að kaupa búninga, hárkollur, andlitsmálningu og allt það sem þarf til að gera glæsilegan búning. Breki Snær var klæddur upp sem Súperman og Hrannar sem smábarn, þeir félagar ætla báðir að gera sér glaðan dag á sjálfan öskudaginn. Vinsælasti búningurinn í ár er Wednesday Addams. SJÁ SIÐU 25 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vona að sendingin veiti íbúum ljós

lovisa@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Í gær kom til Úkraínu skip með búnað frá Íslandi sem ætlað er að endurreisa flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu.

Landsnet hélt utan um verkefnið hér heima í góðu samstarfi við dreifi- og veitufyrirtæki og utanríkisráðuneytið sem átti frumkvæði að uppbyggingu á löskudum raforkuinnviðum Úkraínu.

„Við tókum meðal annars saman varahluti sem vöntun er á í Úkraínu, búnað eins og rofa, varnarbúnað, spennu, varaafli og bíla sem hægt er að nota til viðgerða,“ segir Halldór Halldórsson, öryggisstjóri Landsnets.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra segir árásir



Þór Marteinsson og Halldór Halldórsson við skipið áður en það lagði af stað FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rússlands á orkuinnviði í Úkraínu hafa sett samfélagið þar verulega úr skorðum og bitnað hart á saklausum borgurum. „Við höfum því talið mjög mikilvægt að leggja okkar af mörkum í þessum efnum og bregðast þannig við þörfum og óskum Úkraínumanna sjálfra.“ ■

Mikil fjölgun lifrartengdra sjúkdóma vegna drykkju

Tilgátur eru uppi um að heimsfaraldurinn og stytting vinnuvikunnar hafi orsakað meiri drykkju hjá landsmönnum. Í öllu falli hefur hún aukist mjög, segir framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ.

ser@frettabladid.is

HEILSA Starfsfólk á Sjúkrahúsinu á Vogu segist sjá meiri drykkju á þeim sem þangað koma og mun alvarlegri afleiðingar af hennar völdum en áður.

Þetta staðfestir Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins Vogs og framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ, en hún segir þróunina á þennan veg hafa byrjað í heimsfaraldurinum 2020 og ekkert lát sé þar á.

„Þetta er eitthvert nýtt mynstur,“ segir Valgerður. „Þeir sem drekka, drekka oft og meira,“ bætir hún við.

Veitingamenn sem Fréttablaðið hefur rætt við síðustu daga segjast taka eftir þessari breytingu. „Menn sitja lengur við,“ segir einn þeirra og segir ástæðuna að öllum líkindum tvíþætta. „Stóru breytuna má rekja til samkomutakmarkana í byrjun árs 2020 þegar fólk var meira og minna heima hjá sér, þegar það tók að deyta leiðindin með áfengi, en líklega hefur stytting vinnuvikunnar einnig leitt til meiri drykkju,“ bendir hann á.

Annar veitingamaður segist hafa tekið eftir því á síðustu misserum að „menn koma fyrir og sitja lengur, sérstaklega á föstudögum þegar vinnudagurinn er hvað stytstur.“

Valgerður segist ekki geta fullyrt hvort þessar breytur, önnur eða báðar, hafi leitt til meiri drykkju,



Veitingamenn sem Fréttablaðið hefur rætt við síðustu daga taka eftir þessari breytingu. „Menn sitja lengur við,“ segir einn þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Líklega hefur stytting vinnuvikunnar einnig leitt til meiri drykkju.



Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri á Vogu

þótt auðvitað megi spyrja hvað virkur alkóhólisti geri við hálfan aukadag frá vinnu.

Í öllu falli blasi afleiðingarnar við henni og starfsfólki Vogs á hverjum degi.

„Við sjáum núna meira af líkamlegum afleiðingum ofdrykkju en áður,“ segir hún. „Það er mikil fjölgun lifrartengdra sjúkdóma af völdum drykkjunnar á allra síðustu árum,“ bætir hún við, en mikið beri á lifrabólgu, brisbólgu og skorpulífur.

„Þetta er mjög alvarlegt,“ bendir Valgerður á, því lifrarskemmdir ganga oftast ekki til baka, „og þá þarf að skipta um lifur – og þar eru alkóhólistar ekki efstir á blaði sem lifrarþegar.“ ■

Sjálfvirkur opnarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

HAMINGJUÓSKIR



Forlagið óskar **Sjón** til hamingju með Norræn bókmenntaverðlaun Sænsku akademíunnar árið 2023!

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17 | Sunnudaga 12-16 | www.forlagid.is

Meirihlutasamstarfið ekki í hættu vegna bústaðamálsins

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Samkvæmt Stefáni Þór Eysteinessyni, formanni bæjarráðs Fjarðabyggðar, er meirihlutasamstarf Fjarðarlistans, sem hann fer fyrir, og Framsóknarflokksins ekki í hættu. Þegar sé nýr bæjarstjóri kominn í sigtið.

„Þegar Jón Björn tilkynnti okkur að hann myndi hætta ræddum við

um að meirihlutasamstarfið myndi halda áfram sterkt. Á því verður engin breyting,“ segir Stefán Þór.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær á Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri og oddviti Framsóknarflokksins, sumarhús í Norðfirði sem ekki er á skrá heldur aðeins lóðin. Þar af leiðandi hafa ekki verið greidd fasteignagjöld af húsinu.



Við erum að taka saman samskiptin út af þessu húsi.

Stefán Þór Eysteinesson, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar

Að ósk minnihluta Sjálfstæðismanna verður málið tekið fyrir á fundi bæjarráðs næstkomandi mánudag.

„Þetta mál er í eðlilegum farvegi hjá okkur. Við erum að taka saman samskiptin út af þessu húsi,“ segir Stefán Þór, aðspurður hvort Jóni Birni sé stætt á því að sitja áfram fram í mars, en þá hyggst hann hætta sem bæjarstjóri og bæjar-

fulltrúi. Jón Björn segir sjálfur að uppsögn sín tengist ekki máli bústaðarins.

Stefán Þór segir að ekkert meira verði gert í augnablikinu, það er fyrr en bæjarráð fjalli um málið.

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, verður næsti bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Frá þessu var gengið í gær og greint frá á vef Austurfréttar. ■

Leggja til að fækka kjördeildunum

kristinnpall@frettabladid.is

SKAGAFJÖRÐUR Á fundi byggðarráðs Skagafjarðar í gær var því vísað til sveitastjórnar að fækka kjördeildum úr átta niður í þrjár. Framvegis verði kjördeildirnar á Sauðárkróki, Hofsi og í Varmahlíð.

Í bókuninni kemur fram að þróunin á landsvísi sé á þann máta að verið sé að fækka kjördeildum víðs vegar og litið til þess að búið er að bæta samgöngur.

Í síðustu alþingiskosningum voru kjördeildir meðal annars í Skagaseli, grunnskólanum að Hólum, Höfðaborg Hofsi og í Varmahlíð. ■

Leiðir skilja hjá Guðmundi og HSI

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Handboltasamband Íslands, HSI og Guðmundur Þ. Guðmundsson komust í gær að samkomulagi um starfslok Guðmundar sem þjálfari karlalandsliðsins. Með því lýkur þriðju törn Guðmundar sem þjálfari liðsins sem spannar 22 ár og 16 stórmót.



Guðmundur Þ. Guðmundsson

Guðmundur átti rúm 40 ár eftir af samningi sínum en í tilkynningu HSI segir að samkomulagið sé í sátt beggja aðila. Undir stjórn hans lenti liðið í 6. sæti á EM í fyrra en olli vonbrigðum á HM á dögnum þar sem það endaði í 12. sæti. ■

Fái aðeins framfærslustyrk á vonarvöl

Yfirvofandi verkþann SA á Eflingarfólk mun skilja fólk eftir án framfærslu. Skylda liggur þó á hinu opinbera og jafnvel fjölskyldum sé fólk komið á vonarvöl.

kristinnhaukur@frettabladid.is

KJARAMÁL Lagalega ber engum skylda til að grípa félagsfólk Eflingar sem verður fyrir mögulegu verkþanni Samtaka atvinnulífsins. Almenn framfærsluskylda gildir þó enn í landinu, á hinu opinbera og fjölskyldum.

„Ef fólk er á vonarvöl getur það átt rétt á styrk til framfærslu,“ segir Lára V. Júlíusdóttir, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur í vinnurétti. „Það er framfærsluskylda hjá sveitarfélögum og meira að segja innan fjölskyldna. En það er mjög langur ferill frá því að fólk verður tekjulaust og að því að það eigi rétt á framfærslu hins opinbera. Það getur tekið mánuði eða ár.“

Taki verkþann gildi þann 2. mars næstkomandi á það við um 20.600 starfsmenn Eflingar sem starfa undir almennum samningi SA og Eflingar eða veitinga- og gistisamningnum. Á bilinu 3 til 4 þúsund eru þegar í verkfalli og verkþann á ekki við um hópa sem starfa undir sérkjarasamningum, svo sem starfsmenn einstakra sjálfstæðra grunn- og leikskóla eða einstakra annarra fyrirtækja, svo sem hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, hefur lýst því yfir að ekki verði greitt úr vinnudeilusjóði vegna verkþanns. Í lögum Eflingar, sem birt eru á netinu, er ekki að finna reglur um vinnudeilusjóð en Lára segir að slíkar reglur eigi lögum samkvæmt að vera til. Fólk hafi greitt til stéttarfélags í trausti þess að geta gengið að fé þegar á þurfi að halda.

Vinnuálastofnun mun ekki greiða bætur vegna verkþanns.



SA hefur boðað verkþann á stærstan hluta Eflingarfólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Við förum ekki í gulu vestin milli fyrirtækja til að skoða hvernig starfsemi er háttað.



Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnuáhrifa SA

Sverrir B. Berndsen, yfirlögfræðingur hjá stofnuninni, segir atvinnuleysisbætur hvorki greiddar í verkföllum né verkþanni. „Lög um atvinnuleysisstryggingar gilda þegar einstaklingar verða atvinnulausir eftir að hafa misst starf sitt,“ segir Sverrir. Sérstaklega sé tekið fram í lögum um atvinnuleysisstryggingar

að verkföll eða verkþann takmarki rétt til atvinnuleysisstrygginga.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir mjög ólíklegt að það komi til kasta sveitarfélaga að veita fjárhagsaðstoð til fólks í kjara-baráttu, hvort sem um sé að ræða verkföll eða verkþönn. „Það væri þá ekki nema í kjölfar hamfara á vinnuáhrifa þar sem fólk væri án framfærslu í lengri tíma,“ segir hún.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn á Guðmund Inga Guðbrandsson, félags- og vinnuáhrifafræðing, um hvort ríki myndi grípa fólk í fyrirsjáanlegu neyðarástandi, líkt og gert var fyrir fyrirtæki landsins í faraldrinum, en ekki hafa enn borist svör.

Fyrir utan hina óljósu framfærslu tug þúsunda manns þá mun mörg önnur starfsemi raskast komi til verkþanns. Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir bílstjóra hjá einum af þremur rekstraradilum hjá Eflingu. Þetta er um þriðjungur af leiðunum. Auk þess sé ræstingafólk hjá fyrirtækinu í Efl-

ingu. „Ef við fáum ekki undanþágu mun þetta hafa áhrif á leiðakerfið,“ segir Jóhannes en er þó bjartsýnn á að fá hana. Þegar hafi Strætó fengið undanþágu vegna oliudreifingar í verkfalli Eflingar.

„Samtök atvinnulífsins sjá engan ávinning í að lama almenningssamgöngur,“ segir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnuáhrifa SA. Reiknar hann með því að sótt verði um undanþágur, bæði hjá Strætó og annarri grunnþjónustu, svo sem skólum.

Aðspurður um áhrif á fyrirtæki segist Ragnar gera ráð fyrir að starfsemi verði þegar víða löskuð vegna verkfalla. Til dæmis hjá matvæla-fyrirtækjum sem krefjast daglegrar ræstingar.

SA muni hins vegar ekki sinna verkþannsvörslu. „Við stöndum ekki í slíku. Við förum ekki í gulu vestin milli fyrirtækja til að skoða hvernig starfsemi er háttað. Enda vitum við ekki í hvaða stéttarfélögum starfsfólk er og höfum ekki heimildir til að spyrja fólk út í það,“ segir Ragnar. ■

Spurður um viðskipti starfsmanns

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Eins og fram kom í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag eignaðist framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika hjá Seðlabanka Íslands, einkahlutafélag sem áður var í eigu Steinars Þórs Guðgeirssonar lögmanns í nóvember 2019.

Haukur Camillus Benediktsson, framkvæmdastjóri í Seðlabankanum og Steinar Þór hafa unnið náið saman frá árinu 2013. Haukur var framkvæmdastjóri Eignasafns Seðlabanka Íslands og Steinar Þór vann umfangsmikil ráðgjafarverkefni fyrir það.

Haukur var í stjórn Lindarhvals ehf. sem annaðist sölu á stöðugleika-eignum sem ríkið fékk frá slitabúum. Rekstur Lindarhvals var í höndum Steinars Þórs sem hefur fengið hundruð milljóna fyrir þessi störf. Einkahlutafélagið Grjótatún ehf.



Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

var í eigu Steinars Þórs fram í nóvember 2019. Skráður tilgangur félagsins var lögfræðipjónusta.

29. nóvember 2019 voru tilkynnt eigendaskipti á Grjótatúni og nafni þess var breytt í Hraunból ehf. Nýr eigandi var Haukur Camillus Benediktsson, sem um svipað leyti var ráðinn til Seðlabankans.

Í ársreikningi Hraunbóls 2019 kemur fram að félagið hagnaðist um 20 milljónir eftir skatta og eigið fé þess í árslok 2019 var 21,5 milljón.

Þrátt fyrir eigendaskiptin er Steinar Þór Guðgeirsson enn skráður

eini stjórnarmaður þess. Lögfræðipjónusta var áfram tilgangur félagsins í tæpt eitt og hláft ár, fram í apríl 2021, en Haukur er ólöglaust.

Hvorki Haukur né Steinar Þór hafa svarað spurningum Fréttablaðsins um viðskiptin. Fréttablaðið hefur sent Ásgeiri Jónssyni spurningar, meðal annars um það hvenær Seðlabankanum varð kunnugt um þessi viðskipti Hauks og Steinars Þórs og hvort Seðlabankinn hafi óskað skýringa á þessum viðskiptum.

Þá var spurt um kaupverðið og hve mikið eigið fé var í félaginu þegar Haukur eignaðist það. Hvernig tekjur urðu til hafi þær orðið til eftir að Haukur eignaðist það.

Einnig var spurt hvort Seðlabankinn telji eðlilegt að maður í framkvæmdastjórn bankans eigi viðskipti af þessu tagi við einstakling sem er í umsvifamiklu viðskiptasambandi við bankann. ■

Íslenskt

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein

Einstök virkni sæbjúnaextrakts úr íslensku hafi

partur af lífinu

NORDIC NUTRITION

liðir

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hluti

Íslenskt

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á www.protis.is

NORDIC NUTRITION

PROTIS




Mátulegir

Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk



Skelltu þér á fjóra laúflétta



Fleiri sýningar á borgarleikhus.is
midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Borgarleikhúsið

Opni leikskólinn hlaut hæsta styrkinn

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL. „Ég kynntist þessu í Svíþjóð fyrir 20 árum og þetta er löngu tímabært hér á landi. Memmm Play á helst að vera í öllum hverfum og öllum bæjum,“ segir Kristín Stefánsdóttir frá opna leikskólanum Memmm Play en skólinn hlaut hæsta styrkinn frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar í gær, rúmar 12 milljónir króna.

Stuðningur við börn, ungmenni og foreldra þeirra voru einkennandi fyrir hæstu styrkina þetta árið. Memmm Play er opinn leikskóli sem býður foreldrum og forsjáradilum og ungum börnum þeirra fjölskylduvæna aðstöðu til að leika og hitta aðrar fjölskyldur, ásamt því að fá fræðslu og stækka tengslanet sitt og barna sinna. Í skólann mæta mæður og feður, afar og ömmur og aðrir sem eru heima með börn sem eru að bíða eftir leikskólalássi.

„Við erum búnar að vera með Memmm Play í hartnær tvö ár. Styrkurinn gerir okkur kleift að byrja að vinna við þetta því við erum búnar að vera í sjálfböðavinnu hingað til. Núna getum við



Maria Ösp Ómarsdóttir, Helga Hreiðarsdóttir og Kristín Stefánsdóttir fagna styrknum.

sinnt þessu af meiri festu og meiri alvöru,“ segir Kristín.

Skólinn hefur verið opinn tvisvar í viku, um tvo tíma í senn og mæta frá 25-45 börn í hvert sinn þar sem er leikið og sungið og fræðst. „Við segjum stundum að við séum bara að byrja því auðvitað á svona að vera í öllum hverfum og öllum bæjum því gestirnir okkar koma alls staðar að. Frá Akranesi, Selfossi, Garðabæ og Kópavogi. Þörfin er mikil fyrir þennan hóp,“ segir Kristín. ■



Breska þjóðin fylgdist vel með leitinni að Nicola Bulley sem var 45 ára, tveggja barna móðir. Hennar hafði verið saknað síðan 27. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Miðillinn fann einnig horfinn unglingspilt

benediktboas@frettabladid.is

BRETALAND Maðurinn sem fann líkið af Nicole Bulley á sunnudag, Jason Dean Rothwell, hjálpaði einnig bresku lögreglunni að finna líkið af Michael Brooks árið 2018.

Rothwell, sem mætti kalla miðil, var ekki beðinn um aðstoð, hvorki af fjölskyldu Bulley eða lögreglu en fann sig knúinn að nota þá gjöf sína að geta aðstoðað.

Myndir af Rothwell birtust í umfjöllun breskra miðla og sá hann

sig knúinn til að skrifa á Facebook-vegginn sinn að hann hefði séð allskonar ljót ummæli um sig og sína hæfileika og hann muni ekki tjá sig frekar.

Þetta er í annað sinn sem Rotwell aðstoðar lögregluna við að finna týnda einstaklinga því breska blaðið Mirror segir frá því að hann hafi aðstoðað við finna Michael Brooks sem hvarf árið 2018 en hann var aðeins 19 ára. Var hans leitað í hartnær þrjár vikur þar til Rotwell fann hann. ■

Gjaldþrotum fjölgaði mikið í lok árs

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Gjaldþrot fyrirtækja á fjórða ársfjórðungi ársins 2022 fjölgaði um 82,5 prósent miðað við þriðja ársfjórðung. Hvergi í Evrópu hefur þeim fjölgað jafn mikið og hér. Alls var 71 gjaldþrot skráð, þar af 29 í nóvember, en það er það mesta síðan í marsmánuði árið 2021.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í haust virtist stefna í metár fárra gjaldþrota, innan við 350. En eftir aukninguna í haust endaði talan í 583. Engu að síður eru þetta langfæstu gjaldþrot á einu ári frá bankahruninu. Fyrra met var 588 en yfirlit hafa gjaldþrot verið á bilinu 700 til 1.000 talsins.



Aðeins eitt fyrirtæki á Austurlandi fór á hausinn í fyrra.

Flest gjaldþrot voru í byggingarstarfsemi, 86 talsins. Því næst í heildsölu og bílavíðgerðum og 36 í hótél- og veitingarekstri. Langflest þrot voru á höfuðborgarsvæðinu.

Stærstur hluti fyrirtækjanna var rötgróinn, það er hafði starfað í 13 ár eða lengur, 39 prósent. Aðeins 12 prósent, höfðu starfað í 1 til 3 ár. ■



ESB segist skilja hagsmuni Íslands hvað varðar Ameríkuflugíð en bendir á að losunarreglur vegna flugs verði að veruleika í nálægri framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ / ERNIR

Tímaglugginn fer að lokast

Heilt ár leið frá kynningu á tilskipun um aukinn kostnað frá losun í flugi uns forsætisráðherra ritaði ESB bréf um séróskir Íslands.



Ég trúir að við náum viðunandi lendingu.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi hefur svarað fyrirspurn Fréttablaðsins um deiluna sem uppi er milli Íslands og Evrópusambandsins vegna losunar frá flugi. Í svarinu segir að ESB reikni með að ríki Evrópu nái samkomulagi um málið innan skamms, enda hafi náðst pólitískt samkomulag milli helstu stofnana ESB fyrir nokkrum vikum. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segist bjartsýnn á farsæla lausn.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra óskaði í fyrrasumar eftir frium losunarheimildum frá flugi meira en 500 km frá landinu með bréfi til Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdaráðs ESB.

Ferðamódel íslenskrar ferðapjónustu byggir að miklu leyti á tengiflugum og millilendingum um Keflavíkurlugvöll. Hafa forstjór stóru flugfélaganna innanlands spáð hrúni í greininni ef Ísland fær ekki séráfgreiðslu. Visað er til að Íslendingar eigi ekki kost á að taka strætó eða lest milli landa. Að draga úr losun með breyttum ferðamáta er eitt helsta markmið breytinganna.

„Við skiljum fullkomlega mikilvægi viðskiptakerfisins með los-

unarheimildir fyrir Ísland í ljósi stöðu þess milli Evrópu og Norður-Ameríku,“ segir í svari sendinefndar ESB við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í svarinu segir að búist sé við formlegri samþykkt Evrópuþingsins og ráðsins á löggjöfni „í náinni framtíð“. ESB-löggjöfin sem snerti EES-ríki líkt og Ísland verði felld inn í EES-samninginn.

Sendinefndin segir að samkvæmt hefðbundnum verklagsreglum sem endi með samþykkt sameiginlegrar EES-nefndarákvörðunar séu ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar teknar með samstöðu. „Allir samningsaðilar verða að vera sammála til þess að sameiginlega EES-nefndin geti tekið ákvörðun,“ segir í svarinu.

Fréttablaðið og erlendir fjölmiðlar hafa fjallað um að Ísland hafi hótad að beita neitunarvaldi í sameiginlegu EES-nefndinni ef ekki verði gengið að óskum Íslendinga um undanþágur á grunni samkomulags sem gert var við Kýpur og Moltu árið 2012 þegar flugið fór inn í ETS-kerfið. Jón Steindór Valdi-

marsson hjá Evrópuhreyfingunni segir málið dæmi um hvað það kostar Ísland að vera ekki í ESB.

Lagatillögupakkinn sem var ræðir kallast „Fit for 55“ og er markmiðið að minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 55 prósent árið 2030. Þær breytingar sem nú um ræðir voru fyrst kynntar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í júlí 2021. Heilt ár leið því áður en Katrín skrifaði sitt bréf en ekki hefur fengist staðfesting á hvort óskir Íslands komu formlega fyrr fram.

Samkvæmt því sem fram kemur í svari sendinefndar ESB við fyrirspurn Fréttablaðsins náðist pólitískt samkomulag milli Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um málið fyrir nokkrum vikum, eða í desember 2022.

Fjármálaráðherra segir að málið sé mjög mikið hagsmunamál fyrir allt hagkerfið. „Ég trúir að við náum viðunandi lendingu.“

Bjarni segist ekki sjá að staða Íslands væri betri ef við værum aðilar að ESB.

„Við höfum byggt upp stofnanaumgjörðina í samtali við ESB og það á að duga,“ segir Bjarni.

Sendinefnd ESB neitar líkt og forsætisráðuneytið að afhenda svarbréf Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB, við bréfi Katrínar Jakobsdóttur.

Fréttablaðið hefur kært synjun forsætisráðuneytisins til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og er kærnan nú í farvegi hjá nefndinni. ■

Landsbyggðin tilbúin í olíuverkfall


benediktarnar@frettabladid.is

KJARAMÁL Verkfall Eflingar hófst aftur aðfaranótt mánudags eftir stutt hlé. Með verkfalli olíubilstjóra getur orðið skortur á eldsneyti á því svæði þar sem verkfall Eflingar hefur mest áhrif. Fjöldi stöðva á höfuðborgarsvæðinu verða gerðar að forgangsstöðvum þegar tankarnir tæmast og geta aðeins aðilar sem hafa fengið undanþágur notað þær.

Augljóst er að mest skerðing þjónustu við landsmenn verður á höfuðborgarsvæðinu. Staðan er öðruvísi á landsbyggðinni þar sem starfsfólk er almennt utan stéttarfélag Eflingar.

Fréttablaðið tók saman yfirlit yfir eldsneytisstöðvar sem landsmenn geta búist við að verði opnar á meðan verkfalli stendur. Byggt er á gögnum frá Atlantsolíu, N1, Olís og Orkunni. Upplýsingar um opnar eldsneytisráðgjafar má finna á vefsíðum félaga. ■

Opnar eldsneytisstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins



Tapa tugum milljóna á virkjunum



Guðmundur
Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill að tryggt verði með lögum strax á vorþingi að virkjanir skili tekjum til þeirra svæða þar orkan verður til. Hann segir nýleg gögn sýna að sveitarfélög sitji uppi með tap upp á tugi milljóna af orkuframleiðslu á meðan Landsvirkjun mali gull.

Virkjanir í landi Þjórsár eiga sér langa sögu. Í dag eru sjö virkjanir á svæðinu og áform uppi um að fjölga þeim til að mæta fyrirsjáanlegum orkuskorti.

Ein þeirra virkjana sem eru á teikniborðinu í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er Hvammsvirkjun. Fyrir í sama sveitarfélagi er svo önnur stærsta vatnsaflsvirkjun landsins, Búrfellsvirkjun.

„Raunveruleikinn er sá að það vofir yfir okkur orkuskortur og við erum að stefna inn í mjög alvarlega stöðu með tilliti til orkuskipta,“ segir Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hann hefur frá því hann tók við sem sveitarstjóri eftir síðustu kosningar, haft vaxandi áhyggjur af því hve lítið sveitarfélögið beri úr bítum af orkuframleiðslu á sínum svæðum.

Haraldur segir gögn sýna, svo ekki verði um villst, að tap Skeiða- og Gnúpverjahrepps stefni í að vera tugir milljóna á hverju ári af orkuframleiðslu í sveitarfélaginu. Nærumhverfið sitji eftir með tjónið á meðan Landsvirkjun mali gull.

„Við erum með nýlega greiningu KPMG í höndunum sem sýnir að tekjurnar sem samfélagið hefur af orkustarfseminni, í gegnum fasteignaskatta, koma allar til frádráttar í gegnum jöfnunarsjóð. Sem er auðvitað fráleit ráðstöfun,“ segir Haraldur.

Hann segir að Landsvirkjun hafi greitt 240 milljónir í formi fasteignagjalda til Skeiða- og Gnúpverjahrepps á síðasta ári. Á móti stefni í að skerðing jöfnunarsjóða verði 270 milljónir.

„Við hreinlega töpum á þessu. Samfélagið hefur engan ávinning af orkustarfseminni sem á að heita grundvöllur velmegunar í þessu landi.“

Haraldur segir að þetta líti kannski ekki út fyrir að vera háar tölur en þær skipti sköpum fyrir lítið sveitarfélag.

„Við þetta bætist svo þessi öflugþróun sem við höfum séð á síðustu áratugum að öll störfin og verðmætin sem fylgja starfseminni eru horfin af svæðinu,“ segir Haraldur.

Í síðustu viku sendi sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá sér bókun þar sem tekjuskipting hins opinbera í tengslum við orkuframleiðslu er harðlega gagnrýnd.

Þar segir að ekkert samtal hafi átt sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga um skiptingu tekna. Því sé nauðsynlegt að staldra við áður en frekari framkvæmdum verði hleypt í gegnum skipulagsferli sveitarfélaga.


Það sé mat sveitarstjórnar að engin orkuskipti verði á Íslandi í náninni framtíð nema sanngjarnari skipting auðlindanna verði fest í lög.

„Við getum ekki látið eins og það sé formsatriði að sveitarfélög samþykki framkvæmdaleyfi vegna virkjana sem engu skila til nærsamfélagsins. Af hverju í ósköpunum ættum við hleypla þessu í gegn?“ spyr Haraldur.

„Við getum einfaldlega ekki sætt okkur við að þessi verðmæti fljóti út úr sveitarfélaginu eins og við séum eitthvað þriðja heims samfélag.“

Haraldur vill að á þessu verði gerð bragabót með lagasetningu og það strax á yfirstandandi vorþingi.

„Venjulegt fyrirtæki skilar um það bil átta prósentum af sinni veltu



Eins og staðan er í dag er enginn ávinningur af því fyrir sveitarfélög að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir frekari virkjanir.



Haraldur Þór
Jónsson, sveitar-
stjóri Skeiða- og
Gnúpverja-
hrepps

til samfélagsins í formi útsvars og fasteignagjalda. En þegar kemur að orkuframleiðslu þá eru tekjurnar, í okkar tilfalli, núll prósent. Þetta er langstærsta hagsmunamál þess fólks sem kys að búa sér til framtíð utan þéttbýlasta kjarna landsins,“ segir Haraldur.

„Ef okkur lánast að breyta því hvernig við nálgumst þessa hluti gætum við verið með í höndunum eitt öflugasta byggðapróunarverkefni Íslandssögunnar. Þetta mun skipta sköpum fyrir sveitarfélögin.“ Haraldur hefur átt fundi bæði með umhverfisráðherra og forstjóra Landsvirkjunar um málið að undanfögnu og hann segir að þeirra viðbrögð hafi verið mjög jákvæð.

„Við ráðherrann erum sammála. Þetta kerfi sem við höfum komið okkur upp í orkumálum gengur ekki upp. Forstjóri Landsvirkjunar

er sama sinnis og ráðherra. Það vilja allir breyta þessu. Það eina sem skortir er lagastöðin.“

Ög þess vegna, segir Haraldur, þurfi Alþingi að gripa inn í og gera það hratt. Fyrirhuguð nýting vegna orkuskipta geti ekki beðið eftir að svo risastórt mál velkist um í einhverjum nefndum og stýrihópum árum saman.

„Við megum engan tíma missa. Eins og þetta er í dag er enginn ávinningur af því fyrir sveitarfélög að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir frekari virkjanir.“

Útfærslan sé í höndum löggjafans, segir Haraldur, sem vill að einfaldur skattur verði lagður á orkuframleiðsluna, sem deilist svo á þau sveitarfélög sem í hlut eiga. Hvort sem um er að ræða nýtingu vinds, vatns eða jarðvarma. Tíminn sé núna og fyrirhuguð orkuskipti séu undir. ■

Búrfellsvirkjun, sem er í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, er önnur stærsta vatnsaflsvirkjun landsins. Framkvæmdir við stækkun virkjunarinnar hafa staðið yfir undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS **24.500 kr.***

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

Atvinnuappið einfaldar atvinnuleitina

FJÖLDI STARFA Í BOÐI

ATVINNUAPPIÐ – HH RÁÐGJÖF

Fæða fermingarveislur og sveitabréðkaup

Hamborgaraverð á Íslandi hefur hækkað töluvert undanfarin ár og kostar slík máltíð víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu meira en þrjú þúsund krónur. Eigandi Bumbuborgara segir rekstrar-kostnað og hráefnaverð eiga stóran þátt í háu verðlagi.

helgisteinar@frettabladid.is

Samúel Þórir Drengsson, eigandi Bumbuborgara, segir umræðuna um verðlagningu hamburgara oft vera á villigötum. Hann segir að fólk gleymi oft að taka aukakostnað matsöluastaða inn í reikninginn og að ekki sé hægt að bera saman hamburgara sem seldir eru í sjoppum og þá sem fást á hágæða veitingastöðum.

Samkvæmt óformlegri könnun Morgunblaðsins sem gerð var í síðustu viku er algengt verð fyrir hamburgaramáltíð á veitingastöðum höfuðborgarsvæðisins komið yfir þrjú þúsund krónur. Dýrasta máltíðin af þeim tíu veitingastöðum þar sem verð var kannað hjá var að finna hjá Hamborgarafabrickunni á tæpar 3.500 krónur.

Skyldi fjögurra manna fjölskylda ákveða að fara út á veitingastað gæti hún endað á því að greiða næstum 14 þúsund krónur ef allir fá sér ostborgara, franskar og gos með. Þá er ekki horft til þess að keypt sé sósu-skál eða annað meðlæti.

„Ef maður horfir til dæmis á Hamborgarafabrickuna þá eru þeir



Benedikt Þorgeirsson og Samúel Þórir Drengsson stofnuðu saman Bumbuborgara í mars 2021. Samúel sér nú um reksturinn. MYND/ADSEND



Við erum búnir að vera mjög vinsælir í þessum sveitabréðkaupum sem eru aðeins óformlegri og einblínir fólk þá frekar á að hafa gaman.

Samúel Þórir Drengsson

meðal annars staðsettir í Kringlunni, sem er eitt dýrasta húsnæði landsins. Það þarf að selja ansi marga hamburgara til að geta átt fyrir leigunni þar. Fólk hugsar bara hvað varan myndi kosta ef það hefði keypt hana í Bónus og gleymir svo öllum auka kostnaði,” segir Samúel.

Matsöluastaðurinn Bumbuborgarar hóf rekstur sinn í mars 2021 þegar þeir Samúel Þórir og Benedikt Þorgeirsson opnuðu saman vagn. Samúel sér nú einn um reksturinn og mun vagninn opna á ný í vor. Hann segist ekki hafa miklar áhyggjur af launakostnaði en sér fram á að þurfa að hækka verð á ný.

„Ég neyddist til að hækka fyrir ári síðan eftir miklar hækkanir á hráefnaverði. Á þeim tíma hafði til dæmis kjötið sem ég kaupir fyrir hamburgarana hækkað um 56 prósent á einu ári. Svo er mikill bensín-kostnaður þar sem ég þarf að rúnta

um með vagninn. Gasið sem ég nota á grillið hefur líka hækkað rosalega mikið og verðið á pappasöskjunum sem hamburgararnir fara í hefur einnig tvöfaldast.“

Hamborgarar hafi verið í boði á Íslandi síðan 1954 en Samúel segir að ekki sé hægt að bera saman fyrstu hamburgarana og það sem hann skilgreinir sem hágæða hamburgara. Samúel segist vera mikið fyrir góða hamburgara en myndi aldrei gera sömu kröfur til vegasjoppu sem selur frosið 80 gramma kjöt sem hent er svo á grill með sósu og kryddi.

„Ég myndi segja að það sé ekkert svo langt síðan að fyrstu alvöru hamburgararnir voru seldir á Íslandi. Þegar ég var krakki þá var þetta eiginlega bara drasl. Ég hugsa að Tommi eigi heiðurinn af að hafa komið með fyrsta alvöru hamburgararnum til landsins.“

Bumbuborgarar leggja nú meiri áherslu á veisluhald og vinnur Samúel mikið með Reykjavík Street Food. Hann segir tímabilið byrja um miðjan mars þegar fermingarveislur og brúðkaup byrja og nær reksturinn hápunkti þegar Götubítahátiðin fer í gang.

„Við erum búnir að vera mjög vinsælir í þessum sveitabréðkaupum sem eru aðeins óformlegri og einblínir fólk þá frekar á að hafa gaman. Það fer minni tími í að bíða eftir borðhaldi og mat og svo mætum við stundum seinna um kvöldið til að sjá um miðnætursnarlið,” segir Samúel. ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferðir
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is



Blikur eru á lofti í orkumálum þjóðarinnar, segir Hörður Arnarson. Landsvirkjun skilaði hins vegar bestu afkomu sögunnar á síðasta ári.

Tuttugu milljarðar til þjóðarinnar

olafur@frettabladid.is

Hagnaður Landsvirkjunar nam 161,9 milljónum Bandaríkjadala (23 milljarðar króna) í fyrra en var 148,6 milljónir dala árið 2021.

Rekstrartekjur námu alls 608,6 milljónum dala (86,4 milljarðar króna), sem er 123,5 milljónum dala meira en árið áður, sem er hækking um 25,5 prósent.

Nettóskuldir fyrirtækisins lækkuðu um 657,3 milljónir Bandaríkjadala (86,4 milljarðar króna) og voru skuldir í árslok 2022 alls 843,5 milljónir dala.

Í fyrra keypti ríkið 64,73 prósent eignarhlut Landsvirkjunar í Landsneti og greiddi fyrir 305 milljónir dala (43,3 milljarða króna). Að teknu tilliti til þess fjárstreymis gæti Landsvirkjun gert upp allar sínar skuldir fyrir árslok 2025. Ýmsar framkvæmdir eru hins vegar fyrirhugaðar og samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu er skuldahlutfall mjög viðunandi en ekki keppikefli að vera gera félagið skuldlaust með öllu.

Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 42,9 Bandaríkjadalar



Orkukerfi Landsvirkjunar er nálægt því að vera fulllestað, bæði með tilliti til afls og orku.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

á megavattstund, sem er hæsta verð í sögu fyrirtækisins.

Á síðasta ári greiddi Landsvirkjun ríkinu upp á 17 milljarða og skatta upp á 5,8 milljarða og námu því greiðslur til ríkisins alls 22,8 milljörðum. Stjórn félagsins ætlar að leggja til við aðalfund

af arðgreiðsla á þessu ári nemi 140 milljónum dala, eða 20 milljörðum króna.

„Þrátt fyrir þessa góðu afkomu fyrirtækisins og góðar rekstrarhorfur má segja að um þessar mundir séu ákveðnar blikur á lofti í orkumálum þjóðarinnar,” segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. „Orkukerfi Landsvirkjunar er nálægt því að vera fulllestað, bæði með tilliti til afls og orku. Eftirspurn eftir grænni raforku er mikil, bæði frá núverandi viðskiptavinum og áhugaverðum nýjum aðilum. Við getum því miður ekki mætt þessari eftirspurn nema að takmörkuðu leyti og höfum því þurft að segja nei við ýmsum áhugaverðum og vænlegum verkefnum sem falast hafa eftir rafmagnssamningum.

Við vinnum nú að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu, sem við höfum undirbúið í ár og áratugi. Þannig viljum við tryggja samfélaginu nægt rafmagn til orkuskipta og bættra lífsgæða í framtíðinni, ekki síst í ljósi metnaðarfullra markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum,” segir Hörður. ■

Íslenskur vegan fiskur á leið í búðir



Lovisa
Arnardóttir
lovisa
@frettabladid.is

Á næstunni kemur á markað íslenskur „fiskur“ sem unninn er úr plöntupróteini. Varan er alíslensk og unnin af fyrirtækinu Loki Foods. Að sögn framleiðanda er aðeins um að ræða fyrstu vöruna af mörgum sem þeir ætla sér að framleiða.

Hjá Loki Foods vinna þeir Christopher McClure, Björn Viðar Aðalbjörnsson og Samuel Perella að því að koma út fyrstu íslensku vörunni sem líkir eftir fiski.

„Ég hætti að borða dýr um fimm árum áður en ég varð alveg vegan 2007. Ég ólst upp í bæ sem lítur út eins og Reykjavík. Portsmouth New Hampshire sem er fiskibær. Af minn vann var bátasmiður og pabbi fór reglulega út að leita að kræklingi eða öðrum skelfiski. Ég fór bara frá brjóstamjólki í humar,“ segir Christopher og hlær.

Fyrsta vara Loki Foods er eftirlíking af hvítu fiskflaki. Það verður hægt að kaupa það kælt eða frosið og hægt að matreiða það að vild. Þeir sjá svo fram á að hægt verði að útbúa flakið með einhvers konar bragði og selja það líka þannig. Framleiðendurnir segjast geta stjórnað því hversu mikið fiskbragð er af flakinu og vinna nú að því að komast að því hversu mikið er nóg og hversu mikið er of mikið.

„Við ætlum alltaf að rækta til að byrja með og það er alltaf hluti af okkar plani en tæknin er ekki komin nógu langt og við ákváðum að fara frekar fyrst í vöru sem er úr plöntupróteini,“ segir Christopher og að þannig hafi þeir getað komið fyrstu vörunni fyrr á markað.

„Eftir nokkur ár verður tæknin betri og þá getum við bætt ræktuðum fiski við,“ segir hann.

Margir kjósa eftirlíkingar

„Ef þú tekur út mikróplast, krabbameinsvaldandi efni, orma, eyðileggingu hafs og lands og hátt magn kvikasilfurs og málma, þá ertu með eitthvað sem er fullt af ómega, jödi og er góð uppspretta próteins og er samt lágt í kolvetni og fitu. Það er hægt að gera þetta allt með plöntum. Fiskar fá sitt ómega frá þörungum,“ segir hann.

„Framtíð matar er þannig að við viljum sjávarfang, naut, kjúkling og mjólkurvöru en uppruni þeirra verður að breytast því auðlindirnar sem fara í framleiðslu þeirra núna er ekki sjálfbærar. Það gildir það sama um bíla og mat og þess vegna er meira og minna hægt að setja framtíð matar í tvo eða þrjá flokka. Það er fyrst plöntumiðaður matur, eins og það sem við erum að gera og Oumph og Beyond Meat, svo er gerjun og svo er það þriðja það sem er ræktað,“ segir Christopher og að á einhverjum tímum munu þeir breytast fullkomlega hvernig matarframleiðsla fer fram en að það sé undir okkur komið hversu hratt það gerist.

Hann segir að auðveldast sé að búa til eftirlíkingar úr plöntupróteini, og ódýrast, og þess vegna byrji þeir þar.

„Fólk er búð að venjast þessu og mjög margir kjósa eftirlíkingar frekar í dag. Það eru margir sem eru að venja sig á þetta núna og munu ekki fara aftur í alvöru kjöt,“ segir McClure.


Vilja ekki útrýma sjómönnum

Hann segir, mjög ákveðið, að hann vilji að það komi fram í umræðu um þeirra framleiðslu að þeir vilji alls



Aferðin líktist mjög fiski og bragðið var milt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Samuel Perella, Christopher McClure og Björn Viðar Aðalbjörnsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Smökkun

Ljósmyndari og blaðamaður fengu að smakka eldað flak.

Anton Brink ljósmyndari: Ekki mikið fiskbragð og kom á óvart hversu vel þeir náðu áferðinni á fiskinum.

Lovisa Arnardóttir blaðamaður: Ég var með fiskbragð í muninum í nokkra klukkutíma eftir að ég borðaði flakið. Áferðin var lík fiski og bragðið gott og minnti mjög á alvöru fisk úr sjónum.

ekki drepa sjávaríðnaðinn, heldur að hann breytist.

„Við viljum ekki útrýma sjávaríðnaðinum en viljum að það sé viðurkennt hvað iðnaðurinn gerir sjónum í dag, með því að minnka álagið, minnka það sem er veitt og

selja fólk vöru með því lofordi að það sé ekki verið að henda gífurlegu magni, að það sé ekki verið að henda plasti í sjóinn,“ segir hann og heldur áfram:

„Það þarf að minnka álagið á sjóinn svo að fólk geti haldið áfram



Það þarf að minnka álagið á sjóinn.

Christopher McClure, lýðheilsufræðingur

að njóta þess sem það býst við úr sjónum,“ segir McClure og segir sína framtíðarsýn þá að hlutföll matarins séu þannig að stórt hlutfall sé eftirlíkingar eða framleiddur matur úr plöntupróteini, stórt hlutfall sé ræktað kjöt og fiskur og svo sé lítið hlutfall villtur fiskur eða dýr sem fá að ganga frjáls og að verði á þeim sé miklu herra og taki þannig mið af auknum framleiðslukostnaði vegna landsins sem er notað og vatnsins sem fer í framleiðsluna.

Spurðir hvort þeir telji erfiðara að hefja sölu vörunnar á Íslandi segjast þeir ekki hafa áhyggjur af því vegna þess hve mikil fiskiþjóð við erum. „Vegan búðin í Skeifunni er stærsta vegan búð í heimi og á sama tíma og hér býr mikið af fólk sem elskar sjávarfang,“ segir Christopher og að hann telji það munu vinna saman.

Svo benda þeir á að varan er ekki einungis fyrir þau sem eru vegan heldur sé hátt hlutfall fólks svokallaðar fiskætur eða á ensku pescatarian, fyrir þau sem eru með ofnæmi og svo barnshafandi konur sem ekki megi borða hráan fisk.

„Við byrjum á sjávarfangi af augljósnum ástæðum. Það er þörf og svo er það svo „íslenskt“,“ segir hann og að þeirra markmið sé að varan sé eins hrein og hægt er. ■

Orðöskur



Þórarinn
Þórarinnsson
thorarinn
@frettabladid.is

Samkvæmt orðabókarskilgreiningunni merkir orðræða tal, samræðu og jafnvel umræðu. Verst þegar merking orða og hugtaka leystist upp í valkvæða merkingarleysu þar sem skoðun er orðin staðreynd. Og öflugt er öll orðræða einskis verð.

Orðið orðræða er í raun gaslýsing enda fáheyrtd að vísað sé til samtals, samræðu eða skoðana-skipta. Orðræðan heyrir sögunni til. Rétt eins og skoðanaskipti eftir að þau urðu staðreynda-skipti en slík „orðræða“ verður ekki einu sinni svo mikið sem vísir að vitrænni niðurstöðu.

Sama hvað tautar, raular, öskrar og gargar. Áður en orðræða komst í tisku og var helst notuð í akademíunni sá Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur orðræðu fyrir sér sem „hóp af orðum sitja í hring og ræða saman af kappi yfir flösku af rauðvíni,“ eins og hún orðaði það í skemmtilegri orðræðugreiningu í kjallara-grein í DV 1997.

Þarna hlýtur orðræðan að hafa verið býsna áhugaverð. Skemmtileg jafnvel. „Þessi hugsýn er ekki svo fjarstæð,“ hélt hún áfram. „Því að í hug-takinu orðræða felst einmitt ákveðið sjálfstæði tungumálsins. Orðræða er orð yfir eins konar sérfræðingamál, en núna eru það ekki bara sérfræðingarnir sem tala málið heldur talar málið sérfræðingana.“

Úlfhildur tengdi þessa þælingu við gagnrýni sem hluta „af ákveðnu ferli – eða ákveðinni orð-ræðu – þar sem gagnrýnendin ræðir viðfangs-efnið út frá fleiri en einu sjónarhorni og „gagn-rýnin“ eða álittdómurinn sem felldur er felst ekki síður í orðum og orðalagi en yfirlýsingum og staðhæfingum.“

Skemmtileg orðræða sem á sér varla hlið-stæðu í umræðunni nú þar sem öll eru orðin sérfræðingar í öllu á eigin forsendum og skiln-ingi og geta þannig ekki talað málið frekar en málið getur talað sérfræðingana þar sem hvorki mælandinn né orðin vita fyrir hvað þau standa.

Orðöskur er hugtak sem nær betur yfir meinta orðræðuna, sturlaðan og stjórnlausan heimsku- og illgirnivaðalinn sem hefur fundið sér víðan farveg um skólplagnir athugasemdakerfanna og engu skilar nema meiri skít og áleitnum spurningum um hversu mikið sé að og yfirleitt að gerjast í höfðinu á fólki, svo dæmi sé tekið, sem bara verður að „skoða“ Semu Erlu Serdar, eðli hennar og hvaðan hún kemur. „Og hvað þú ert að gera á Íslandi.“

Sema Erla fæddist á Akureyri og var skírd og fermd í Bústaðakirkju. Hvað er við það að athuga?

Er ekki ráð að reyna að leiða orðin saman í huggulegt rauðvínsspjall og lyfta um leið sjálfum sér, umræðunni og meintri orðræðu á aðeins hærra plan*?

* svið; stig; flötur, grunnur; torg. ■

Tal um orðræðu er í raun gaslýsing enda fáheyrtd að þar sé vísað til samtals, samræðu eða skoðanaskipta.



VEIÐIN HEFST 3. MARS

Veðiðmaðurinn Gunnar Bender býður landsmönnum í veiðiferð á Hringbraut.



HRINGBRAUT

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Popp eða korn

Gísli Snær Erlingsson var ráðinn sem forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hann birtist landsmönnum fyrst í þáttunum Poppkorn sem RÚV framleiddi árið 1986. Þar fór hann ham-förum við kynningu á tónlistar-myndböndum og fór inn á milli með nýstárleg gamanmál milli laga ásamt Ævari Erni Jóseps-syni. Annar sem var orðaður við stöðuna, Pálmi Guðmunds-son sem stýrði Símanum upp í hæstu hæðir, spratt einnig upp úr svipuðum jarðvegi og birtist landslýð fyrst í þáttunum Popp og Kók þar sem hann fór ham-förum í að kynna lög og vinsæla tónlistarmenn. Þannig að ráð-herra hefur mögulega velt fyrir sér hvor þeirra kæmi með betra salt á íslenska bíópoppið.

Vinamening

Vinamening Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er orðin lands-þekkt eftir að Benedikt Erlings-son hlóð í pistill á Facebook um að forveri Gísla hafi verið ansi hliðholl vinum sínum. Taldi Benedikt til nýliða og skreytti sig svo með stolnum fjöðrum hinnar frábæru Hross í oss í kveðjuviðtali sínu. Þá fékk Benedikt einfaldlega nóg og einhver-ir vona að Gísl sé ekki alveg jafn hlutdrægur í styrkveitingum og glögg sé gests auga eftir lang-dvöl erlendis. Friðrik Þór mun þó alltaf eiga sinn styrk vísan. Hann nefnilega framleiddi Poppkorn forðum daga. ■

Endimörk alheimsins



Ólafur
Stephensen
framkvæmda-
stjóri Félags at-
vinnurekenda

„Það er mín skoðun að við séum komin algjörlega út í ystu mörk á skattlagningu [áfengis]. Þá er ég einfaldlega að vísa til þess að við erum líklega með eina dýrustu bjórkrús í Evrópu,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðis-flokksins, á netfundi með flokksmönnum sínum í júní 2021. Rétt hjá honum. Áfengisskattar á Íslandi eru þeir langhæstu í Evrópu og áfengisverðið eftir því.

Þetta er sami Bjarni og lagði til sem fjármálaráð-herra í síðasta fjárlagafrumvarpi að hækka almenna áfengisskatta um 7,7% – og í frihafnarverzlunum voru þeir hækkaðir um 169%. Þetta var réttlætt í greinargerð fjárlagafrumvarpsins með því að það væri aðeins verið að láta krónutöluskatta fylgja verðbólgunni – og svo fylgdi kolröng staðhæfing um að þessi gjöld hefðu verið „öbreytt frá árinu 2019“.

Áfengisgjald hefur verið hækkað árlega og nemur uppsöfnuð hækkan þess 16% frá 2019 til 2023. Félag atvinnurekenda tók sér fyrir hendur, í sam-starfi við Spirits Europe, Evrópusamtök áfengis-framleiðenda, að skoða hvernig áfengisskattar hefðu breytt í Evrópuríkjum um áramótin. Rétt eins og á Íslandi var metverðbólga í flestum ríkjum álfunnar á síðasta ári og erfitt ástand í ríkisfjármálum. Engu að síður breyttu 26 ríki af 36 áfengissköttum ekki neitt.

Af þeim tíu Evrópuríkjum sem breyttu sköttum lækkaði eitt áfengisskattinn, það var Króatía.

Af hinum níu var Ísland það eina sem hækkaði áfengisskatta umfram verðbólguna, eins og hún er mæld með samræmdri vísitölu neyzliverðs (sem er notuð til að bera saman verð milli Evrópuríkja). Hér á landi hækkaði skatturinn um 7,7% í 7,2% verðbólgu. Það Evrópuríki sem hækkaði næst mest miðað við verðbólgu, Rúmenía, hækkaði um 43% af verðbólgunni á sama tíma og Ísland hækkaði um 107%. Stjórnvöld í öðrum ríkjum reyndu með öðrum orðum að halda aftur af hækkanum, í þágu neyt-enda.

Með þessu áframhaldi getur fjármálaráðherrann okkar hins vegar farið að tileinka sér einkunnarorð Bósa ljósárs þegar kemur að áfengissköttum: Út fyrir endimörk alheimsins! ■

Rúmenía hækkaði um 43% af verðbólgunni á sama tíma og Ísland hækkaði um 107%.

Aldrei spurt



Jón Steindór
Valdimarsson
formaður Evrópu-
hreyfingarinnar

Ísland hefur allt frá því það varð sjálfstætt og fullvalda fíkrað sig áfram í alþjóðlegri samvinnu og gerst aðili að mikilvægum alþjóðlegum samningum og stofnunum.

Að tryggja sinn hag

Tilgangurinn er ávallt sá að tryggja hagsmunum Íslands, vinna að sameiginlegum markmiðum og verkefnum til að leysa úr vanda eða koma í veg fyrir hann. Fullveldi Íslands sé best tryggt með því að sitja við þau borð þar sem reglur eru mótaðar og ákvarðanir teknar.

Fyrir allar þjóðir, ekki síst hinar minni, er lífsnauðsynlegt að net stofnana og samninga sé sem þéttast og taki til sem flestra þátta er lúta að samskiptum og leikreglum á alþjóðavettvangi. Með því móti er reynt að koma í veg fyrir að þeir sem stærri eru og voldugri beiti afli til að ná sínu fram.

Mörg farsæl skref

Ísland er í hópi fámennustu ríkja heims en er að mörgu leyti afar vel sett frá náttúrunnar hendi og hefur tekist að skipa sér mjög framarlega á marga mælikvarða. Það hefur mörgu að miðla og getur borið höfuðið hátt á alþjóðavettvangi.

Hér verða ekki talin upp öll þau skref sem stigin hafa verið og þeir hagsmunir sem hafa verið undir né sá mikli ávinningur sem Ísland hefur haft af því að vera virkur þátttakandi. Eins og gengur hafa sum þeirra skrefa verið tekin hratt og örugglega en önnur verið hikandi, sum nær óumdeild en önnur mjög umdeild. Heilt yfir hefur þó reynslan sýnt að þau hafa reynst þjóðinni farsæl.

Vandi þiggjandans

Á viðskiptasviðinu ber helst að nefna aðild Íslands að EFTA, fríverslunarsamning við Evrópusambandið og síðar EES-samninginn, en senn verða 30 ár frá því að hann tók gildi. Sá samningur er raunar miklu meira en viðskiptasamningur og snertir ótrúlega marga þætti daglegs lífs almennings og reksturs fyrirtækja. Í honum felast tækifæri og réttindi sem flest okkar taka sem sjálfsgáðan og eðlilegan hlut. Hitt hugsu færru um eða vita að án samningsins væru þau ekki fyrir hendi. Þá er gott að minna á að EES-samningurinn er í raun aðgöngumiði að stórum hluta þess mikla starfs sem Evrópusambandið hefur unnið í fortíð, nútíð og mun vinna áfram.

Sá hængur er hins vegar á þessu fyrirkomulagi að hér tókum við einungis við því sem að okkur er rétt en tókum hvorki þátt né höfum áhrif á framvinduna. Það er ekki lengur sæmandi sjálfstæðri og fullvalda þjóð.

Við eigum að taka fullan þátt í að móta Evrópu og njóta þeirra hagsbóta sem í fullri aðild felast. Það er því bæði eðlilegt og sjálfsgátt að Íslendingar velti því sífellt fyrir sér hvort ekki sé rétt að stiga eitt skref enn og gerast fullgildir aðili að ESB.

Þjóðin vildi en pólitíkin ekki

Með umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu þann 23. júlí árið 2009 var stærsta skrefið í vegferð okkar til aukinnar evrópskrar samvinnu stigið en sú ferð var stöðvuð skyndilega árið 2013 þegar viðræðum var hætt í miðjum

klíðum. Með bréfi til ESB þann 12. mars 2015 var ítrekað að þeim yrði ekki haldið áfram. Ákvörðunin um að stöðva viðræðurnar sem Alþingi hafði sett af stað var afar umdeild og varð tilefni mikilla mótmæla og einnar stærstu undirskriftasöfnunar sem gerð hefur verið undir slagorðinu: Við viljum kjósa!

Ekkert mark var tekið á þessum mótmælum, undirskriftum eða skoðanakönnunum sem bentu

skýrt til þess að ekki væri farið að vilja meirihluta þjóðarinnar og borið við pólitískum ómöguleika eins og frægt er orðið.

Bylgjan rís

Nú rís bylgja almennings sem krefst þess að vera spurður um hvort taka eigi upp aðildarviðræður við ESB að nýju. Þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um málið til þess að leiða fram þjóðarviljann



Nú rís bylgja almennings sem krefst þess að vera spurður um hvort taka eigi upp aðildarviðræður við ESB að nýju.

með skýrum hætti. Sömuleiðis benda kannanir eindregið til þess að viðhorfsbreyting sé að verða meðal almennings og að meirihluti sé að verða fyrir því ganga í Evrópusambandið.

Staðreyndin er sú að þjóðin hefur aldrei verið spurð beint að því hvað hún vill í þessum efnum. Því vill Evrópuhreyfingin breyta. Deilir þú þeirri skoðun skaltu ganga til liðs við okkur á www.evropa.is. ■

EYJÓLFUR
60 ára

GLÆSILEGIR AFMÆLISTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI LAUGARDAGINN
1. APRÍL KL. 21.00

Eyjólfur Kristjánsson heldur uppá 60 ára afmæli sitt með glæsilegum tónleikum þar sem öll Eyfalögin og fleiri til verða flutt af stórhljómsveit, bakróddum og gestasöngvurum undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

„Dagar“, „Álfheiður Björk“, „Nína“, „Ég lífi í draumi“, „Danska Lagið“, „Gott“, „Skref fyrir skref“, „Ástarævintýri (á Vetrarbraut)“, „Eins og vonin, Eins og lífið“ o. m. fl.

Hljómsveit:
TROMMUR: JÓHANN HJÖRLEIFSSON
BASSI: FRÍÐRIK STURLÚSON
HLJÓMBORÐ: ÞÓRIR ÚLFARSSON
HLJÓMBORÐ: HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON
HLJÓMBORÐ: EINAR ÖRN JÓNSSON
GÍTARAR: JÓN ELVAR HAFSTEINSSON
GÍTARAR: PÉTUR VALGARÐ PÉTURSSON
SAXÓFÖNN, ÞVERFLAUTA OG SLAGVERK: SIGURÐUR FLOSASON
KASSAGÍTAR OG SÖNGUR: EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

BAKRADDIR:
EVA ÁSRÚN ALBERTSDÓTTIR
ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR
INGI G. JÓHANSSON

Öllum tónleikagestum verður boðið uppá afmælissnuttur frá H-Veitingum fyrir tónleika og í hléi.

GESTASÖNGVARAR:
VALDIMAR GUÐMUNDSSON
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
BJÖRN JÖRUNDUR
STEFÁN HILMARSSON

MIDASALA ER HAFIN Á TIX.IS


h HRINGBRAUT

tix.is

Misjöfn staða fyrir mikilvæga leiki

Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, fer á næstu vikum að velja landsliðshóp sinn fyrir fyrstu leiki í undankeppni Evrópumótsins. Landsliðið hefur leik í undankeppni EM eftir rúman mánuð. Áður en riðillinn hefst virðast möguleikar Íslands á að komast á stórmót ansi góðir. Ástand leikmanna fyrir þetta verkefni er misjafnt en deildir á Norðurlöndum eru nýfarnar eða eru að fara af stað, þá er ekki byrjað að spila í Bandaríkjunum.

hordur@frettabladid.is





FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 22. febrúar 2023



Kaupmannahafnarbúar eru orðnir þreyttir á rottugangi.

Danskar rottur fá getnaðarvarnalyf

elin@frettabladid.is

Danskir vísindamenn hafa fundið leið til að framleiða á ódýran hátt efni sem getur útrýmt notkun á rottueitri. Þetta efni sem nefnist Triotolid er annars mjög dýrt í framleiðslu. Hægt er að nota efnið sem einskonar getnaðarvarnarpillu fyrir rottur til að halda stofninum niðri á mun mannúðlegri og umhverfisvænni hátt en áður hefur verið gert.

Efnið er sætur vökvi sem rotturnar þurfa að drekka og hefur áhrif á frjósemi kvenrotta og getur veikt sæðisframleiðslu karlkyns rotta. Johan Andersen-Ranberg, vísindamaður í plöntu- og umhverfisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, hefur aðstoðað við að leysa þá áskorun að framleiða efnið á ódýran hátt og um leið að uppræta notkun rottueiturs.

Vaxandi vandamál

Vitað er að rottueitur sem notað hefur verið til að stemma stigu við vaxandi rottugangi í Kaupmannahöfn skemmir vistkerfið og fuglar geta innbyrt banvæna skammta ef þeir borða dauða rottu.

Rottueitur er á allan hátt óæskilegt í umhverfinu en þar sem engir aðrir kostir hafa verið tiltækir til að vinna gegn rottum hefur það verið leyft, sérstaklega þar sem rottur eru taldar mjög alvarlegt vandamál fyrir almenna heilsu fólks, samkvæmt því sem segir í grein á danska ríkismiðlinum dr.dk. ■



Dídí Ásgeirs segist hafa tekið U-beygju í lífinu eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle Rejuvenate. „Svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir verður allt annar.“ Kvensjúkdómalæknar í Evrópu mæla með Femarelle vörulínunni.

MYND/ADSEND

Vertu vakandi tímanlega fyrir einkennum breytingaskeiðsins

Femarelle Rejuvenate er náttúruleg lausn til að nota við upphaf hormónabreytinga á breytingaskeiðinu og er virkni þess staðfest með klínískum rannsóknum. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

Breytingaskeiðið er eðlilegur hluti af lífsskeiði kvenna og eitthvað sem allar konur ganga í gegnum. Hins vegar er afar einstaklingsbundið hvernig konur upplifa tilteknar breytingar. Sumar konur upplifa frelsi og fagna þessum tímamótum og því að vera komnar á þann stað í lífinu að búa yfir meiri sjálfsþekkingu, visku og þroska. Aðrar kvíða fyrir þessum breytingum og þeim líkamlegu og andlegu einkennum sem geta fylgt í kjölfarið.

Breytingaskeiðið er fullkomlega eðlilegur tími í lífi kvenna

Flestar konur finna fyrir því þegar hormónabreytingar hefjast, þó svo að þær geri sér ekki alltaf grein fyrir því að um upphaf breytingaskeiðs sé að ræða. Einkenni þeirra hormónabreytinga sem eiga sér stað á þessu tímabili geta verið afar mismunandi milli kvenna. Þau einkenni sem eru oftast til umræðu og flestar konur kannast við að hafa heyrt um eru svitaköf, nætursviti og óreglulegar eða engar blæðingar.

Önnur einkenni geta einnig verið svo sem óútskýrð þyngdaraukning, svefnleysi og depurð, en 9 af hverjum 10 konum finna gjarnan fyrir andlegri vanlíðan á breytingaskeiðinu. Algengt er að ef konur finna ekki fyrir þessum einkennum þá gruni þær ekki breytingaskeiðið en einkennin eru í raun yfir 30 talsins og geta verið ótrúlega lúmsk. Ef grunur er um að breytingaskeiðið sé að hefjast er mikilvægt að muna að það eru til ráð sem geta hjálpað þér að endurheimta sjálfa þig og það er þess virði, þú ert ekki ein.

Líf mitt breyttist eftir Femarelle Rejuvenate

Dídi Ásgeirs starfaði í apóteki þegar hún fyrst kynntist Femarelle. Þetta hefur Dídi að segja: „Í blóma lífsins, 48 ára, taldi ég mig alls ekki vera komna á þann stað að vera byrjuð á breytingaskeiðinu. Ég svaf illa, vaknaði mörgum sinnum á nóttu og gat engan veginn sofði þar sem ég kófsvitnaði og bæði sæng og kodd rennblaut. Ég var sem sagt í bullandi afneitun. Einn góðan vedurdag fékk ég samt nóg og ákvað að kaupa mér einn pakka af þessari snilldarvöru og hugsaði: „Ég hef engu að tapa“. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Ég tók tvær töflur á dag og þegar ég var búin með tvö spjöld úr pakknum breyttist líf mitt, þvilikur munur! Ég tók ubeygi í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir er allt annar. Þær konur sem kannast við þessi einkenni ættu ekki að hika við að prófa Femarelle. Femarelle Rejuvenate er klárlega málið.“ segir Dídi um tilkomu Femarelle Rejuvenate.

Guðbjörg Þóra fann fljótt mikinn mun

Guðbjörg Þóra er 42 ára heilsu- hraust kona sem stundar hreyfingu daglega. Fyrir rúmlega ári, eða þegar hún var rétt rúmlega fertug, byrjaði hún að finna fyrir einkennum sem hún síðan tengdi við breytingaskeiðið.

„Mjög góð vinkona mín gekk í gegnum erfitt tímabil eitt sinn sem hafði mikil áhrif á hana en enginn vissi hvað var að hrjá hana, engum datt í hug að þetta gæti verið vegna hormónabreytinga. Það var ekki fyrr en eftir 1-2 ár af mikilli vanlíðan að henni var bent á að þetta gætu verið einkenni breytingaskeiðsins og í kjölfarið leitaði hún sér aðstoðar. Hún er allt önnur í dag og líður vel. Eftir þetta



Guðbjörg Þóra er allt önnur eftir að hún uppgötvaði Femarelle. Hún mælir hiklaust með að skoða vörulínuna fyrir allar konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs.

MYND/ADSEND



Femarelle Rejuvenate hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga, áður en óregla kemst á blæðingar. Blandan inniheldur hörfræ, B2- og B7-vítamín sem stuðla að eðlilegum efnaskiptum ásamt viðhaldi eðlilegrar húðar, slímhúðar og hárs.

Femarelle vörulínan er afar hentug fyrir konur sem eru að ganga í gegnum þetta margbreytilega skeið og geta allar fundið eitthvað við sitt hæfi.

för ég að lesa mér til um breytingaskeiðið og einkenni og hef síðan þá verið mjög vakandi fyrir þessu. Ég tengdi því strax við það þegar ég byrjaði að finna fyrir þessum breytingum á minni líðan. Það er ótrúlega skrítið hversu lítið maður veit um þetta, samt er maður með svo margar konur í kringum sig sem hafa gengið í gegnum þetta tímabil,“ segir Guðbjörg Þóra.

Einkennin sem Guðbjörg Þóra fann mikið fyrir voru óeðlilegar blæðingar, mikið orkuleysi og



þreyta, hárlos, tíðari skapsveiflur og þyngdaraukning, þrátt fyrir að stunda mikla hreyfingu og engin breyting væri á mataræði. „Ég ákvað strax að prófa Femarelle Rejuvenate, eða bláa pakkann, sem er sérstaklega fyrir konur á mínum aldri. Það var strax á öðrum mánuði sem ég byrjaði að finna mun, orkan var meiri og ég hætti að þurfa að ryksuga upp hárin eftir



Femarelle Unstoppable er fyrir konur 60+ en blandan inniheldur B2- og B7-vítamín, kalk og D-vítamín sem stuðla að viðhaldi eðlilegra beina.

hverja sturtu. Þyngdin hefur staðið í stað, mikið minna um skapsveiflur og mun meira jafnvægi,“ segir Guðbjörg Þóra.

Einstök viðbót á breytingaskeiðinu

Fjölmargir kvensjúkdómalæknar í Evrópu mæla með Femarelle vörulínunni sem fyrstu meðferð við breytingaskeiðinu þar sem Femarelle er hormónalaus lausn við einkennum. Vörulínan inniheldur þrjár vörur svo allar konur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Helsta innihaldsefni í vörulínu Femarelle er einkaleyfisvarið efnasamband, DT56a, sem virkar

Femarelle Recharge er ætlað konum 50 ára+ en varan inniheldur B6-vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi og dregur úr þreytu og lúða.

þannig að það örvar estrógen-nema í staðbundnum vef og slær á einkenni tíðahvarfa án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vefi móðurlífi eða brjóstum.

Femarelle Rejuvenate hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga og áður en óregla kemst á blæðingar. Blandan inniheldur hörfræ, B2- og B7-vítamín sem stuðla að eðlilegum efnaskiptum ásamt viðhaldi eðlilegrar húðar, slímhúðar og hárs.

Femarelle Recharge er ætlað konum 50 ára+ en varan inniheldur B6-vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi og dregur úr þreytu og lúða. Síðast en ekki síst er Femarelle Unstoppable sem er fyrir konur 60+ en blandan inniheldur B2- og B7-vítamín, kalk og D-vítamín sem stuðla að viðhaldi eðlilegra beina.

Femarelle vörulínan er afar hentug fyrir konur sem eru að ganga í gegnum þetta margbreytilega skeið og geta allar fundið eitthvað við sitt hæfi. ■

Útsölastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur hefur starfað sem einkaþjálfari hjá World Class í um 19 ár. Hún þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði, sem orsakaði sjö mánaða uppköst.

Fyrir nokkrum árum fór Hrafnhildur Hákonardóttir í ristilspjglun vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála. „Ristilinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt. Á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði. Eins eðlilegur hlutur og óléttta er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Einnig hafði þetta slæm áhrif á ristilinn, sem hafði þau áhrif að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og líkamnum öllum. Ég hafði lengi tekið inn ýmis magalyf og alltaf þurft að passa hvað ég borðaði af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig nokkur ár að átta mig á að þessar matartegundir færu illa í mig.

Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn. Ég prufaði nokkrar tegundir en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér bent á magnesíum með fjallagrösom frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mýkjandi. Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í um fimm ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag. Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösom get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbrauð á góðum degi. Við bakflæðinu tek ég hóstamixtúru með fjallagrösom frá ICEHERBS. Mixtúran er bragðgód og



Magnesíum með fjallagrösom frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill,” segir Hrafnhildur.

Einstök blanda

Magnesíumskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál sem við glímum við í nútímanum. Magnesíum er eitt mikilvægasta steinefni í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins, virkni hjarta- og æðakerfisins og í upptöku steinefna. Magnesíum blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og handtínd, íslensk fjallagrös. Fjallagrösinn og magnesíum virkar saman á einstakan hátt. Fjallagrösinn mýkja meltinguna og magnesíum eykur upptöku

á steinefnum úr fjallagrösunum. Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, en það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Þá er mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Áhrif magnesíums

Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sinadrætti. Þá stuðlar magnesíum að því að draga úr þreytu og lúða.

Magnesíum er einnig notað í meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingarkerfið sem auðveldar líkam-



anum að melta og losa hægðir. Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur góð áhrif á ristilinn. Það stuðlar líka að eðlilegri starfsemi taugakerfisins.

Leyndarmál frá náttúrunni

Fjallagrösinn hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg heilsujurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og stuðla að heilbrigðri þarmaflóru. Þá eru fjallagrös vatnslosandi og minnka þjóg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga sem bætir og mýkir meltinguna.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta

náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“ ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á www.iceherbs.is.

Hætti í sjö ár en stefnir nú hátt

Daníel Ingi Egilsson úr FH átti svo sannarlega góðu gengi að fagna á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum um nýliðna helgi.

gummih@frettabladid.is

Daníel vann tvo Íslandsmeistararitla en hann bar sigur úr býtum í langstökki og í þristökki, þar sem hann gerði sér lítið fyrir og stórbætti 12 ára gamalt Íslandsmet. Metstöckið mældist 15,49 metrar en gamla metið var 15,27 metrar og var í eigu Kristins Torfasonar.

„Þetta var hreint út sagt frábær helgi og ég gæti ekki verið ánægðari með árangur minn,“ segir hinn 23 ára gamli Daníel Ingi.

Spurður hvort hann hafi vænst þess að slá Íslandsmetið á þessum tímamarki segir hann: „Ég hafði það á tilfinningunni að metið gæti fallið þó svo að á mótunum fyrir Meistaramótið hafi niðurstaðan ekki verið sú sem ég vildi. Ég hugsaði samt með mér hvort Meistaramót Íslands gæti orðið sá tímamarkur sem ég myndi slá metið og það varð raunin. Ég var í góðum gir og það var frábær tilfinning þegar ég sá að ég hafði bætt metið.“

„Eins og staðan er núna þá er ég ekkert að leggja meiri áherslu á þristökkið frekar en langstökkið. Mér finnst ég vera jafn vel settur í báðum greinum en svo getur komið sá tími að maður þurfi að ákveða hvor greinin verði númer eitt,“ segir Daníel, sem tryggði sér



Daníel Ingi stórbætti Íslandsmetið í þristökki innanhúss á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sigur í langstökkinu með því að stökkva 7,23 metra en Íslandsmetið á Jón Arnar Magnússon, 7,82 metrar.

Dreymir um að slá met Vilhjálms

Íslandsmetið í þristökki utanhúss er svo sannarlega komið til ára sinna en það er er í eigu Vilhjálms heitins Einarssonar, 16,70 metrar, sem hann setti árið 1960. Skildi Daníel vera horfa til þess að bæta þetta 63 ára gamla met?

„Það yrði náttúrulega algjör draumur að slá það met. Ég hef heyrt það frá mörgum að ef það er eitthvað sem Vilhjálmur Einarsson hefði viljað verða vitni að þá hefði það verið að sjá einhvern slá Íslandsmet hans. Það yrði heiður fyrir mig að geta heiðrað minningu hans með því að slá metið og markmiðið til næstu tveggja ára hjá mér er að ná því. Það verður mikil vinna en hún á eftir að skila sér,“ segir Daníel Ingi en hann

hefur lengst stökkið 15,31 metra utanhúss.

Daníel Ingi segist hafa byrjað að æfa frjálsar íþróttir ungur að árum. „Ég byrjaði í frjálsum sem barn og var í þeim alveg þar til ég var 16 ára gamall. Þá hætti ég í þeim. Það kom einhver leiði í mig og ég sneri mér að fótbolta og vildi gefa honum tækifæri. Ég spilaði fótbolta í sjö ár, með FH og Álftanesi en sá tími kom að ég fékk nóg af fótbolta og ákvað

að draga frjálsíþróttaskóna aftur fram í september 2021. Ég vissi að ég hefði grunninn úr frjálsum eftir að hafa verið í þeim sem barn og ég sé ekki eftir því að hafa tekið þessa ákvörðun. Nú er ég búinn að æfa af krafti í eitt og hálf ár eftir endurkomuna og ég tel það mikið afrek að hafa náð að slá Íslandsmetið eftir svo stuttan tíma. Þetta gefur mér mikið sjálfstraust.“

Það er nóg fram undan hjá stökkvaranum efnilega úr Hafnarfirði á þessu ári og hann stefnir að því að taka þátt í stórmótum á komandi árum. „Það er alltaf markmið og draumur að komast á stóra sviðið. Það er langtímamarkmið en fyrst er að setja fyrir sig þessi minni markmið og ná þeim sem geta svo skilað manni stóra draumnum.“

Tengir íþróttina við námið

Daníel Ingi stundar nám í íþróttáfræði við Háskólann í Reykjavík og er þar á fyrsta ári. „Þetta er mjög skemmtilegt nám og gaman að geta tengt íþróttina sína við námið sitt, geta nýtt námið til að hjálpa mér að þróa íþróttuferilinn og vonandi í framtíðinni að geta unnið eitthvað tengt íþróttum,“ segir Daníel. Hann er þjálfari hjá fimmta og sjötta bekk hjá Frjálsíþróttadeild FH.

„Það er mjög gefandi og skemmtilegt að þjálfa þessa krakka og góð tilfinning að geta verið fyrirmynd fyrir þessa ungu kynslóð. Sjálfur var ég alltaf með mínar fyrirmyndir sem barn og horfði upp til þeirra.“ ■

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMÉDILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
- MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA ERÁ BREKKUKOTI
S. 660 8301

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Móar, (Kjarrmóar, Lyngmóar, Hrísmóar), forkynning.
Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að vísa tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi Móa til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og halda almennan kynningarfund. Hægt verður að koma ábendingum vegna tillögunnar á framfæri við umhverfissvið Garðabæjar til 5. apríl 2023. Sjá nánar hér að neðan.

Kynningarfundur verður haldinn í Sveinatungu, Garðatorgi 7, þann 9. mars 2023, kl. 17:00-18:30.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulaga í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Deiliskipulag Deildar og Landakots

Tillagan gerir ráð fyrir skiptingu lóðarinnar við Landakot I og II ásamt því að skilgreina heimildir og skilmála fyrir báðar lóðirnar.

Deiliskipulag Grunda og Ása, Eskiás 6.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreit til að aðlaga skipulagið að þeim íbúðagerðum sem þróaðar hafa verið við uppbyggingu við Eskiás.

Deiliskipulag Kaupþúns – Kaupþún 4

Tillagan gerir ráð stækkun lóðarinnar til norðurs um 375 m².

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 5. apríl 2023, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

GARÐABÆR
gardabaer.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Miðbær Selfoss - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir miðbæinn á Selfossi. Gerð hefur verið breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem öðlðist gildi 16.2.2023, þar sem miðsvæði hefur verið stækkað líttilega við Kirkjuveg 13. Í gildi er deiliskipulag fyrir miðbæjarsvæðið sem var samþykkt 08.07.2021 og auglýst í B. deild Stjórnartíðinda 30.08.2021. Skipulagsreiturinn nær til svæðis sem skilgreind eru í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem miðsvæði.

Svæðið afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs, Sunnivegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulagssvæðið er alls um 6,6 ha að flatarmáli. Stækkunin nemur lóðinni Kirkjuvegur 13, en svæðið var fyrir breytingu um 6,8ha. Deiliskipulagsbreyting tekur til vestur, og suðurhluta svæðis. Meginbreytingin er að bætt er við syðst á svæðið niðurgrafinni göngugötu, nefnd Garðatröð, sem tengist við Kirkjuveg að vestan og austurstíg Sigtúnsgarðs að austan. Sunnan við Garðatröð og austan við austurstíginn á mótis við lóðina Sigtún 2, er bætt við byggingarreitum fyrir lágrest hús að hámarki 2 hæðir og ris. Lóðamörkum lóða sunnan Miðstrætis er breytt og nýjar lóðir afmarkaðar. Lóðirnar Eyravegur 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð. Með breytingunni er heimilað hámarksbyggingarmagn aukið á svæðinu, mest í kjöllum og með nýjum lóðum/byggingarreitum.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 22. febrúar til og með 5. apríl 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdir til og með 5. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geirihf.is

Raufapanill

Stærðir: 244x244x122

Panillinn er afgreiddur í hvítum plötum, einnig ólitaður tilbúinn í sprautun. Smellulistar í mörgum litum.

Upphengibúnaður í miklu úrvali

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geirihf.is STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTÍK 5758 #



*Verið
velkomin!
í hjarta Hafnarfjarðar*



MERKISATBURÐIR

1732 George Washington, fyrsti forseti Bandaríkjanna, fæðist.

1819 Spánn selur Bandaríkjunum fylkið Flórida fyrir fimm milljónir dollara.

1944 Mistök verða til þess að Bandaríkin gera árás í Hollandi sem kostar 800 lífið í Nijmegen.

1958 Egyptaland og Sýrland stofna í sameiningu Sameinaða arabalýðveldið.

1962 Sjónvarpsmaðurinn **Steve Irwin**, sem var titlaður krókóðilaveiðimaðurinn, fæðist.

1974 Pakistan viðurkennir tilvist Bangladesh.

1979 St. Lucia fær sjálfstæði frá Bretlandi.

1986 ESDA-byltingin hefst á Filippseyjum.

1997 Heimsbyggðin fær að heyra af Dolly, kind sem mannfólki tókst að klóna.

2006 Stærsta rán í sögu Bretlands þegar hópur stal 53 milljónum punda.

2011 Næstmanskæðasti jarðskjálfti í sögu Nýja-Sjálands kostar 185 lífið.



Katarzyna Rabeda og Eyjólfur Már Sigurðsson hjá Tungumálamiðstöðinni.

MYND/KRISTINN

Pólska kennd í HÍ í fyrsta sinn

Háskóli Íslands mun frá næsta hausti bjóða upp á pólskunám sem sextíu eininga aukagrein í fyrsta sinn. Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ segist vongóður um að eftirspurnin sé til staðar og að þetta verði síðar í boði sem námsleið innan veggja háskólans.

kristinnpall@frettabladid.is

Háskóli Íslands tilkynnti í gær að pólska yrði í fyrsta sinn kennd sem námsgrein við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands á næsta ári. Tungumálið hefur staðið til boða á námskeiðum við Tungumálamiðstöð HÍ en nú verður hún hluti af 60 eininga aukagrein í pólskum fræðum. „Við höfum verið með stök pólskunámskeið sem hafa verið kennd í tungumálamiðstöð sem endurmenntun og það hefur verið fin aðsókn. Þau eru, eins og þessi námsleið, hugsuð fyrir byrjendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í pólsku en ekki Pólverja. Þetta er hugsuð fyrir þá sem vilja kynna sér pólsku og fræðast um pólska menningu,“ segir Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar, í samtali við Fréttablaðið.

„Það hefur verið góð aðsókn í þessi námskeið, um tuttugu nemendur hverju sinni og það gefur tækifæri til að vera bjartsýnn. Maður veit aldrei hvað gerist, við byrjuðum með kóreskunámskeið síðasta haust og það fylltist hvert einasta sæti þó að enginn hafi átt von á því. Ég vona svo sannarlega að það verði áhugi á þessu.“

Pólverjar telja rúmlega sex prósent allrar þjóðarinnar og hefur verið boðið upp á pólskunámskeið hjá Tungumálamiðstöðinni í átta ár.

„Við byrjuðum með þetta árið 2015 og það var strax mikill áhugi. Þetta hefur verið nokkuð stöðugt síðustu ár, svona 15-20 nemendur í hverju námskeiði sem þykir nokkuð gott í tungumálum. Manni finnst svolítið eins og það séu tvær þjóðir sem búa í þessu landi og þetta er tækifæri til að læra meira um menningu hvor annarrar.“

Pólska ríkið styrkir háskólann í þessu verkefni og kemur gestakennari að utan til að sinna kennslunni ásamt kennara sem mun njóta aðstoðar Katarzynu Rabeda sem hefur kennt í Tungumálamiðstöðinni undanfarin ár.

„Við fengum styrk frá pólska ríkinu til að fara af stað með þessa kennslu og fáum gestakennara frá Póllandi, sem kemur til með að kenna megnið af þessum námskeiðum. Katarzyna Rabeda sem hefur verið að kenna hjá mér kemur einnig til með að kenna en meginþungi kennslunnar verður hjá kennara sem kemur frá Póllandi, sem pólsk yfirvöld velja.“

Með því bætist pólska í hóp tungumála sem hægt er að læra við háskólann. Alls eru fjórtán tungumál í boði en flest þeirra eru kennd sem aukagrein, eins og verður með pólskuna. Með því verða einstaklingar að skrá sig í annað 120 eininga nám og taka pólsku samhliða því.

„Þetta er byrjendanám og markmiðið er að koma fólki á A2-stigið samkvæmt Evrópuramma, sem er að geta verið þátttakandi í samfélaginu. Farið út í búð og haldið uppi viðræðum við fólk. Við vonumst til að ef aðsóknin verður góð að við getum boðið upp á fullt BA-nám síðar meir.“

Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi, segir þetta mikið fagnaðarefni.



Alls voru 23.533 pólskir ríkisborgarar með skráða búsetu hér á landi þann 1. febrúar síðastliðinn.

„Þetta er mjög mikilvægt fyrir alla þá Pólverja sem eru búsettir á Íslandi. Rektor háskólans var mjög hrifinn af þessari hugmynd sem var frábært. Markmiðið var að hefja þetta á næsta ári en viðræður gengu svo vel að það var hægt að flýta þessu.“

Pólska sendiráðið hefur boðið upp á námskeið fyrir yngri kynslóðir sem eiga rætur að rekja til Póllands til að viðhalda tungumáli og menningu.

„Við höfum í samstarfi við íslensku ríkisstjórnina og pólsku ríkisstjórnina boðið upp á kennslu fyrir pólsk ungmenntu sem vilja halda í pólska tungumálið og pólskar hefðir. Það stendur auðvitað íslenskum börnum til boða líka og þetta nýtur mikilla vinsælda víðs vegar um landið. Svo eru þrjár háskólar komnir með áfanga um íslensku og íslenskar hefðir.“

Gerard segir að hann sé stoltur þegar hann sjái ungt fólk sem sé fulltrúi beggja landa.

„Það er ofboðslega gaman að sjá ungt pólskt fólk sem er fulltýngt í íslensku og pólsku og er fulltrúar tveggja samfélaga.“ ■

ÞETTA GERÐIST

22. FEBRÚAR 1980

Kraftaverkið við Lake Placid

Í dag eru 43 ár liðin frá einum óvæntustu úrslitum í sögu Vetrarólympíuleikanna þegar lið Bandaríkjanna, skipað áhugamönnum úr háskólum, hafði betur gegn mulningsvélinni sem sovéska landsliðið var á þeim tíma og tryggði sér gullverðlaunin. Leikurinn er titlaður Kraftaverkið á svellinu (e. Miracle on ice) og var valinn íþróttavíburður aldarinnar af Sports Illustrated enda átti enginn von á því að Bandaríkjamenn myndu ná að standa í liði Sovétríkjanna.

Sovétríkin voru búin að vinna gull á



fjórum af síðustu fimm Ólympíuleikum og fimmtán heimsmeistararitla á tuttugu árum. Á þessum tíma var atvinnu- mönnum bannað að keppa á ÓL og HM og voru fremstu íshökkikappar Sovétríkjanna því á mála hjá hernum og æfðu eins og atvinnumenn þar.

Leikurinn var ekki sýndur í bandarísku sjónvarpi þó að gullverðlaun væru undir, enda niðurlægðu Sovétríkin bandaríska liðið 10-3 í síðasta æfingaleik liðanna fyrir Ólympíuleikana en með öflugum varnarleik tókst Bandaríkjunum að kreista fram sigur. ■



Ástkær móðursystir okkar,
Gréta Bachmann,
fyrstum forstöðukona Skálatúns
og síðar Bjarkaráss,
áður til heimilis að Árskógum 6,

lést á Eir hjúkrunarheimili þann 11. febrúar.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn
27. febrúar og hefst klukkan 13.

Regína Gréta Pálsdóttir **Stefán Jóhann Pálsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Stefanía Anna Jónasdóttir
Hraunbæ 116, Reykjavík,

lést 28. janúar 2023 á Hrafnistu í
Hafnarfirði. Útförin fór fram í kyrrþey
16. febrúar að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir
góða umönnun.

Jóna Björg Pálsdóttir **Grétar Sigurðsson**
Friða Björk Pálsdóttir **Gylfi Þór Sigurpálsson**
Elva Björt Pálsdóttir **Björn A. Erlingsson**
barnabörn og langömmubörn



Ástkær dóttir mín, systir og mágkona,
Helga Sigríður
Guðmundsdóttir
Hjallavegi 11, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
mánudaginn 6. febrúar. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey. Við þökkum auðsýnda vinsemd og hlýju og
sérstaklega starfsfólki A6.

Elisabet Vigfúsdóttir
Vignir Már Guðmundsson **Jadvugu Usvaltiene**
Ásthildur I. Guðmundsdóttir **Hafsteinn Benediktsson**
Ingvar Á. Guðmundsson
og fjölskyldur

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin
Olís Ánanaustum
Nettó Granda
N1 Hringbraut
Krambúðin Skólavörðustíg
BSÍ
Bónus Kjörgarði
Bónus Fiskislóð
Krónan Granda
Krónan Hallveigarstíg

102

Háskóli Íslands
Reykjavíkurlflugvöllur

103

Kringlan
Bónus Kringlunni
Krónan Austurver

104

Glæsibær
Olís Sæbraut
Olís Álfheimum
N1 Klettagörðum
Iceland Glæsibæ
Húsasmiðjan Skútuvogi
Hagkaup Skeifunni
Bónus Skútuvogi
Bónus Holtagörðum
Krónan Borgartúni

105

World Class Laugum
Laugardalslaug
Nettó Nóatúni
Krambúðin Lönguhlið
Krambúðin Laugalæk
Bónus Skipholti
N1 Borgartúni

107

N1 Ægissíðu
Melabúðin
Krambúðin Hjarðarhaga
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lágmúla
N1 Stóragerði
N1 Fossvogi
Krambúðin Grímsbæ
Múlakaffi
Bónus Skeifunni
Krónan Skeifunni

109

Olís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut
Krónan Breiðholti

110

Árbæjarlaug
Olís Norðlingaholti
N1 Ártúnshöfða
Múrbúðin Kletthálsi
Bónus Hraunbæ
Krónan Bildshöfða
Krónan Árbæ

111

Breiðholtslaug
Iceland Vesturbergi
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll
Grafarvogslaug
Olís Gullinbrú
N1 Gagnvegi
Bónus Spönginni

113

Krónan Grafarholti

116

Klébergslaug

170

World Class Seltjarnarnesi
Sundlaugin Seltjarnarnesi
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs
N1 Stórahjalla
Iceland Engihjalla
Bónus Nýbýlavegi
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug
Smáralind
Hagkaup Smáralind
Nettó Salavegi
Bónus Smáratorgi
Krónan Lindum

203

World Class Ögurhvarfi
Nettó Búðarkór
Bónus Ögurhvarfi
Krónan Vallakór

210

Ásgarðslaug
Olís Hafnarfjarðarvegi
Hagkaup Litlatúni
Bónus Kaup túni
Bónus Garðatorgi
Krónan Garðabæ

220

Ásvallalaug
Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug
Nettó Dalshrauni
N1 Lækjargötu
Húsasmiðjan Fjarðargötu
Fjörðurinn
Fjarðarkaup
Bónus Helluhrauni
Krónan Flatahrauni
Krónan Hvaleyrarbraut

221

Nettó Selhelli
Múrbúðin Selhelli
Iceland Staðarbergi
Bónus Tjarnarvöllum
Krónan Norðurhelli

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug
Lágafellslaug
Olís Langatanga
Nettó Sunnukrika
N1 Háholti
Bónus Bjarkarholti
Krónan Mosfellsbæ

*Sífelld fleiri staðir bætast við.
Fylgist vel með.



Opnaðu myndavélina
í snjalltækinu þínu og
skannaðu QR kóðann.

Nánari upplýsingar finnur þú á www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

Friitt



Einstök tækifæri á sviði framkvæmda

Vegna aukinna umsvifa óskar Mannverk eftir að ráða öfluga einstaklinga sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

■ Tækni- eða verkfræðingur á byggingarsviði

■ Starfssvið:

- Þarfagreiningar og undirbúningur verkefna
- Framkvæmdaefirlit og verkefnastjórnun
- Kostnaðar- og gæðaeftirlit

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tækni- eða byggingarverkfræði
- Árangursrík reynsla af verkefnastjórnun á sviði framkvæmda
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

■ Verkstjóri/Staðarstjóri húsasmíði eða rafvirkjun

■ Starfssvið:

- Dagleg verkstjórn á verkstað
- Úttektir á verkefnum undirverktaka
- Gæðaeftirlit og öryggismál

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistararéttindi í húsasmíði eða rafvirkjun
- Árangursrík reynsla af verkstjórn
- Farsæl starfsreynsla af krefjandi verkefnum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna-, hönnunar- og byggingastjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess: www.mannverk.is

Umsóknarfrestur er til og með **27. febrúar** nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Henrietta Þóra Magnúsdóttir (henrietta@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



NS
NÓI SÍRÍUS

Ert þú til í sætt samstarf?

Hjá Nóa Sírius njótum við þeirra forréttinda að vinna með margar af uppáhalds vörum þjóðarinnar. Nú þurfum við að bæta í hópinn. Vegna vaxandi umsvifa leitum við að öflugum, ábyrgum og framsýnu starfsfólki sem hefur drifkraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd, ásamt brennandi áhuga á því að ná árangri í starfi. Um er að ræða fjölbreytt störf í alþjóðlegu vinnuumhverfi þar sem unnið er markvisst að jafnréttismálum, vellíðan og vexti starfsmanna. Við erum samheldinn hópur framúrskarandi starfsmanna með fjölbreytta reynslu og menntun. Við höfum pláss fyrir fleiri og hver veit – kannski erum við að leita að þér?

Yfirmaður vörustýringar

Nýtt starf sem felur í sér yfirmensjón og ábyrgð á allri aðfangakeðjunni s.s. rekstur vöruhúsa, samþættingu ytri aðila aðfangakeðjunnar, innkaup og dreifingu á vörum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirmensjón með flutningum og dreifingu á vörum Nóa Sírius.
- Yfirmensjón með daglegum rekstri vöruhúsa Nóa Sírius.
- Yfirmensjón með innkaupum, móttöku og geymslu á aðföngum.
- Samþætting á starfi ytri aðila aðfangakeðjunnar.
- Val á flutningsaðilum og gerð verðsamninga.
- Áætlana- og skýrslugerð.

Sérfræðingur í viðskiptagreiningum

Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér þátttöku í frekari uppbyggingu á nýju verklagi við greiningar og eftirlit ásamt innleiðingu á nýjum stjórnendaskýrslum sem og aðkomu að áætlanagerð.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Aðkoma að innleiðingu á nýju verklagi við stjórnendaskýrslur, árangursmælingar og greiningar til að miðla lykilupplýsingum úr rekstri.
- Þátttaka í uppbyggingu á greiningum söluleiða og tekjustýringu.
- Mánaðarlegar stjórnendaskýrslur ásamt greiningum og eftirliti með lykil árangursmælikvörðum.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði árangursmælinga og greininga þvert á fyrirtækið.

Kerfisstjóri

Starf kerfisstjóra er nýtt starf. Meðal helstu hlutverka er að styðja við þá miklu uppbyggingu á tæknilegum innviðum sem Nóa Sírius vinnur að til að auka sjálfvirkni í framleiðsluferlum fyrirtækisins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppsetning og rekstur á miðlægum búnaði og upplýsingatæknilausnum.
- Rekstur Microsoft kerfa þar sem staðbundnum- og skýjalausnum er blandað saman.
- Kerfisumsjón, s.s. bilanagreiningar og úrbætur.
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Kröfugreining og hönnun tækniúthverfis sem styður við kerfis- og vinnuferla.
- Val á lausnum í takt við tækniþróun á hverjum tíma.
- Þátttaka í þróunar- og þjónustuverkefnum.

Rafvirki

Hlutverk rafvirkja er að styðja við þá miklu uppbyggingu sem á sér stað innan Nóa Sírius, tryggja virkni véla og tækja, auk framþróunar tæknibúnaðar og húsnæðis. Þar reynir á nákvæmni, útsjónarsemi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Innleiðing á nýjum tækjabúnaði og framleiðslulínunum.
- Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á framleiðslubúnaði.
- Bilanagreining á framleiðslubúnaði.
- Almenn viðgerðarvinna.
- Samskipti við framleiðsludeildir.

Sölufulltrúi

Sölufulltrúi tekur virkan þátt í sölustarfi, framkvæmd söluaðgerða og viðhaldi góðra tengsla og þjónustu við verslanir í samráði við sölustjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sala og uppbygging viðskiptatengsla.
- Virk þátttaka í sölustarfi og skráning pantana í verslunum.
- Uppröðun og eftirlit með vörum fyrirtækisins í verslunum.
- Svára fyrirspurnum viðskiptavina.
- Vörukynningar og söluherferðir í samráði við sölustjóra.

Starfsmaður í vöruhúsi

Starfsmaður í vöruhúsi sér um tiltekt pantana til viðskiptavina og móttöku á vörum með það að markmiði að ná framúrskarandi hagkvæmni og þjónustu í vörugrymslu og flutningum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjónusta og afgreiðsla viðskiptavina.
- Tiltekt á pöntunum til viðskiptavina.
- Móttaka á vörum úr framleiðslu og erlendis frá.
- Skráning í birgðakerfi vöruhúss.
- Móttaka og losun gáma.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2023. Við viljum fá sem fjölbreyttastar umsóknir og hvetjum öll áhugasöm til að sækja um.
Nánari upplýsingar á www.noi.is/mannaudur



Við höfum verið svo lánsöm að hafa fengið að vera hluti af sætum stundum þjóðarinnar í rúmlega 100 ár og það er metnaðarmál okkar að endurgjalda það traust með því að sýna ábyrgð í starfsemi okkar og gefa til baka til samfélagsins.

SUMARSTÖRF hjá REYKJAVÍKURBORG

Umsóknarfrestur er til **5. mars**

www.reykjavik.is/sumarstorf

Reykjavíkurborg óskar eftir starfsfólki í fjölbreytt afleysinga- og sumarstörf. Störfin eru margvísleg og snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti.

Við leitum að sumarstarfsfólki til að hjálpa okkur við að gera Reykjavík að lifandi og fallegri borg sem veitir borgarbúum á öllum aldri þjónustu.



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Við leitum að orkubolta

Sérfræðingur í stýringu flutningskerfisins

Langar þig að vinna með ótrúlega orkumiklu fólki í stjórnstöðinni okkar þar sem við höldum ljósunum í landinu logandi?

Við leitum að kröftugri og lausnamiðaðri manneskju sem hefur áhuga á orkumarkaðnum og rauntímastýringu raforkukerfisins. Viðkomandi verður hluti af teymi sérfræðinga sem vinna bæði á vöktum og í dagvinnu. Við leggjum mikla áherslu á að teymin vinni sjálfstætt og beri ábyrgð á að ná sínum markmiðum. Við í stjórnstöðinni berum ábyrgð á stjórnun og orkujöfnuði raforkukerfisins ásamt samhæfingu aðgerða í tengslum við truflanir og viðhald og því mikilvægt að geta unnið undir álagi. Við leggjum mikið upp úr þjálfun og fræðslu okkar fólks.

Næsti yfirmaður er Þorvaldur Jacobsen framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarsviðs.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Rauntímastýring raforkukerfisins
- Rekstur jöfnunarorkumarkaðar og kerfisþjónustu
- Aðgerðastjórnun og undirbúningur aðgerða
- Greiningar- og úrbótaverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í raungreinum sem nýtist í starfi
- Áhugi á raforkumarkaði
- Geta til að starfa undir álagi
- Geta til að taka frumkvæði og sýna fram á framgang

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.



Vilt þú verða hluti af nýju spennandi teymi fræðslu- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar?

Auglýst er eftir öflugum sérfræðingum til að taka þátt í mótun nýrrar þjónustu

Í kjölfar skipulagsbreytinga erum við að leita að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum til að vera hluti af öflugum og kraftmiklu teymi í nýju fræðslu- og velferðarsviði Hveragerðis þar sem sterk og öflug liðsheilid er lykilatriði.

Okkar helsta áhersla eru íbúar Hveragerðis og þeirra þarfir, og viljum við leggja okkur fram við að þjónusta íbúa bæjarins eins vel og mögulegt er.

Þetta er frábært tækifæri til að verða mikilvægur hluti af þessu nýja og metnaðarfulla teymi; að taka virkan þátt í að byggja upp og samþætta fræðslu- og velferðarþjónustu í Hveragerði þar sem einstaklingurinn fær að vaxa og nýta færni sína.

Öflugur hópur talmeinafræðinga, sálfræðings, hegðunarráðgjafa, félagsráðgjafa, ráðgjafaproskaþjálfara, frístundarfulltrúa, ritara, forstöðumanna í félagslegri heimaþjónustu og málefnum aldraðra eru komin í teymið en okkur vantar nokkra öfluga einstaklinga til þess að fullkomna teymið.

Deildarstjóri í velferðarþjónustu

Helstu verkefni og ábyrgð:

Deildarstjóri ber ábyrgð á að innleiða þær breytingar sem unnið er að ásamt stjórnendaábyrgð gagnvart teymi í velferðarþjónustu. Viðkomandi sinnir jafnframt almennri félagsþjónustu.

Helstu verkefni auk stjórnunarhlutverks eru að annast meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna á grunni laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni aldraðra, sinna störfum málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þátttaka í vinnslu mála á grundvelli barnaverndarlaga og vegna stuðningsúrræða í barnverndarmálum.

Menntun og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem félagsráðgjöf, starfsreynsla og þekking á sviði félagsþjónustu og barnaverndar æskileg, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki, metnaður í starfi. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfinu ef enginn félagsráðgjafi sækir um.

Félagsráðgjafi í barnavernd

Helstu verkefni og ábyrgð:

Viðkomandi er hluti af teymi sem sinnir barnaverndarþjónustu en Hveragerðisbær mun veita barnaverndarþjónustu í samvinnu við önnur sveitarfélög.

Helstu verkefni eru: móttaka, mat og könnun tilkynninga um misfellur í aðbúnaði barna skv. barnaverndarlögum, vinnsla barnaverndarmála skv. barnaverndarlögum og vegna stuðningsúrræða í barnaverndarmálum.

Menntun og hæfniskröfur:

Starfsréttindi í félagsráðgjöf, starfsreynsla og þekking á sviði barnaverndar æskileg, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfinu ef enginn félagsráðgjafi sækir um.

Deildarstjóri í skólaþjónustu

Helstu verkefni og ábyrgð:

Deildarstjóri ber ábyrgð á að innleiða þær breytingar sem unnið er að ásamt stjórnendaábyrgð gagnvart teymi í skólaþjónustu. Viðkomandi sinnir auk þess almennri skólaþjónustu á grunni reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Helstu verkefni eru, auk stjórnunarhlutverks, að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra, styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu, sinna forvarnarstarfi til að stuðla markvisst að velferð nemenda og tryggja eins og kostur er að kennslufræðileg, sálfræðileg og þroskafræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Menntun og hæfniskröfur:

Kennaramenntun og réttindi til að kenna í leikskóla og/eða grunnskóla, önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Staða sérfræðings vegna innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Helstu verkefni og ábyrgð:

Sérfræðingur sinnir innleiðingu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skv. lögum og áherslum fræðslu- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar.

Helstu verkefni eru: stofna farsældarteymi í Hveragerði, fræðsla fyrir málstjóra, foreldra og lykilstofnanir, umsjón með vinnslu samþættingar og þátttaka í samstarfshópum/-teymum eftir því sem þörf er á.

Menntun og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Hveragerði er ört vaxandi og fjölskylduvænt sveitarfélag í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, sem vill veita íbúum sínum góða og markvissa þjónustu á öllum sviðum.

Meðal áherslna er að flýta uppbyggingu mannvirkja fyrir leik- og grunnskólastarf eins og þörf er á, tryggja fjölbreytt búsetuúrræði í Hveragerði, fjölga virkniúrræðum, tryggja að einstaklingar með fatlanir fái viðunandi stuðning til að starfa á fjölbreyttum vettvangi og koma á fjölmenningsamstarfi við nágrennasveitarfélög.

Í Hveragerði eru meðal annars tveir glæsilegir 6 deilda leikskólar en á seinni hluta þessa árs er áætlað að þriðji leikskólinn verði tekinn í notkun. Grunnskólinn sem er með um 450 nemendur verður stækkaður og hefjast þær framkvæmdir í sumar.

Íþrótt- og menningarlíf hefur verið í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í einstöku umhverfi.

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2023. Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri, geir@hveragerdi.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu sveitarfélagsins www.hveragerdi.is - laus störf. Prófskírteini og greinagóð ferilskrá skal fylgja umsókn ásamt stuttu kynningarbréfi þar sem fram kemur af hverju sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Allir einstaklingar sem ráðnir eru til starfa í skóla- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar þurfa að gefa heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá og undirrita trúnaðaryfirlýsingu.

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Sérstök nefnd mun vinna úr öllum umsóknum og verður öllum umsóknum svarað að ráðningu lokinni.



SJÓNVAÐSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. (e)
- 20.00 Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraddir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins. (e)

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun**
- 13.25 Heimaleikfimi**
- 13.35 Kastljós**
- 14.00 Útsvar 2017-18** (Dalvíkurbyggð - Skeiða- og Gnúpsverjahreppur)
- 15.10 Okkar á milli**
- 15.35 Söngvakeppnin 2023**
- 16.55 Z-kynslóðin**
- 17.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
- 17.30 Andrar á flandri**
- 17.55 Tónatal - brot**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hæ Sámur**
- 18.08 Símon**
- 18.13 Örvar og Rebekka**
- 18.25 Ólívía**
- 18.36 Eldhugar - Nellie Bly**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins**
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kiljan**
- 21.00 Kafbáturinn**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Gegn ofureldi** Glæný úkraínsk heimildarmynd þar sem fjallað er um andspyrnu Úkraínu gegn innrásarliði Rússlandshers fyrstu mánuði stríðsins. Myndin er ekki við hæfi barna.
- 23.20 Alsjáandi auga** Amazon. Heimildarþáttur um fyrirtækið og stórveldið Amazon. Á netverslunin sem fólk hefur dálæti á sínar myrku hliðar?
- 00.10 Dagskrárlok**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist**
 - 12.00 Dr. Phil**
 - 12.39 The Late Late Show**
 - 13.18 The Block**
 - 14.19 Love Island**
 - 15.14 Læknirinn í eldhúsinu**
 - 15.49 Nýlendan** Þættir um Íslendinga sem leita á framandi slóðir til að endurheimta tengsl við sjálfan sig og náttúruna.
 - 16.55 Survivor**
 - 17.40 Dr. Phil**
 - 18.25 The Late Late Show**
 - 19.10 The Block**
 - 20.10 Million Pound**
 - 21.00 New Amsterdam**
 - 21.50 Love Island**
 - 22.35 Good Trouble**
 - 23.20 The Late Late Show**
 - 00.05 NCIS**
 - 00.50 NCIS: New Orleans**
 - 01.35 9-1-1**
 - 02.20 American Gigalo**
 - 03.10 Love Island**
 - 03.55 Tónlist**
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn**
 - 08.15 Grand Designs: Sweden**
 - 09.00 Bold and the Beautiful**
 - 09.20 Best Room Wins**
 - 10.00 Masterchef USA**
 - 10.45 Um land allt**
 - 11.25 Rax augnablik**
 - 11.35 Ísskápastríð**
 - 12.05 Þetta reddast**
 - 12.25 Franklin & Bash**
 - 13.10 10 Years Younger in 10 Days**
 - 13.55 12 Puppies and Us**
 - 14.55 The Goldbergs**
 - 15.15 Heimsókn**
 - 15.30 Love Triangle** Ástralskir raunveruleikþættir þar sem reynt er á grunnhyggju einhleypra einstaklinga með því para þá saman byggt á dýpri tengingu.
 - 16.35 Temptation Island**
 - 17.20 Franklin & Bash**
 - 18.00 Bold and the Beautiful**
 - 18.25 Veður**
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
 - 18.50 Sportpakinn**
 - 18.55 Ísland í dag**
 - 19.20 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera á Íslandi sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
 - 19.45 The Good Doctor**
 - 20.30 Family Law**
 - 21.15 The Resort**
 - 21.50 Unforgettable**
 - 22.30 NCIS**
 - 23.10 Grantchester**
 - 00.00 Outlander**
 - 00.55 Wentworth**
 - 01.45 Euphoria**
 - 02.45 Love Triangle**

Áhrif verðbólgu og vaxta á landsmenn

Már Wolfgang Mixa hagfræðingur verður á meðal gesta í sjónvarpsþættinum Markaðinum á Hringbraut. Þar mun hann ræða verðbólgu og vaxtahækkunir og áhrif beggja þátta á hagkerfið og efnahag heimila og fyrirtækja, en óhætt er að segja að almenningur í landinu finni áþreifanlega fyrir hvort tveggja. Eins verður fjallað um fjármál sveitarfélaganna sem hafa verið mjög í brennidepli að undanfögnu. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 niðra
- 5 viðbót
- 6 íþróttafélag
- 8 rakna
- 10 átt
- 11 grátur
- 12 bónbjargir
- 13 kríki
- 15 sárar
- 17 stigi

LÓÐRÉTT

- 1 úrtölur
- 2 fé
- 3 sjáðu
- 4 gagn
- 7 óáran
- 9 hringsóla
- 12 brestir
- 14 tímabils
- 16 sting

LÁRÉTT: 1 lasta, 5 auk, 6 fh, 8 trossna, 10 na, 11 halleri, 9 sveima, 12 brak, 14 árs, 16 al.
LÓÐRÉTT: 1 latning, 2 aura, 3 sko, 4 arnolt, 7

SUDOKU

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
		2			4		3	
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

		4	9				7	
5	9				7	2	4	
2						5		1
			2		3		1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9		6		
4		3			8	7		

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ÆVERLI

Sunnanvindur

— Eftirlætislög Íslendinga —

Salurinn Kópavogi 14. apríl
Hof Akureyri 15. apríl

Grétar Örvarsson · Ragnheiður Gröndal · Karl Örvarsson
Ásta Soffía Þorgeirsdóttir · Eiður Arnarsson · Sigfús Óttarsson
Þórir Úlfarsson · Haukur Gröndal · Pétur Valgarð Pétursson

Miðasala á Tix.is og Salurinn.is

Nýlist sem þekking

MYNDLIST

Brot af annars konar þekkingu

Nýlistasafnið í Marshallhúsinu

Listamenn: Julie Béna, Guðrún Bergsdóttir, David Escalona, Rósa Gísladóttir, Juliana Höschlová, Tomáš Javůrek & Screen Saver Gallery, Eva Kofátková, Guðjón Gísli Kristinsson, Marie Lukáčová, Michael Nosek, Claire Paugam, Sindri Ploder, Adéla Součková, Vladimír Turner, Aleksandra Vajd og Anetta Mona Chişa
Sýningarstjórar: Tereza Jindrová og Eva B. Riebová


Aðalsteinn Ingólfsson

Á sýningunni Brot af annars konar þekkingu sem finna má í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu um þessar mundir, fannst mér eins og ég væri staddur á samsýningu í sömu stofnun fyrir um það bil þrjátíu árum, þegar hún var til húsa við Vatnsstíginn. Þarna getur að líta sitt lítið af hverju sem allt er einhvern veginn kunnuglegt, heimatilbúin vídeóverk, skúlptúra úr aðskotahlutum á gólfi og upp um vegg, stöku innsetningar, konseptteikningar, dularfull textabrot með ljósmyndum, í bland við nokkur verk eftir íslenska einfara, allt skemmtilega ófyrirsjáanlegt, ævintýralegt og ógrandi. Ekki eitt einasta málverk að sjá. Og þó, þessi nýja „nýlist“ er öllu fagmannlegri en sú gamla, vídeóverk og ádíóverk á sýningunni tæknilega sómasamleg, gott handbragð á flestum hlutum, úrvinnslan tiltölulega markviss. Kannski er skýringin sú, að þorri sýnenda er ekki íslenskur heldur frá Tékklandi, þar sem handverkið/fagmennskan laut aldrei lægra haldi fyrir konseptlistinni.

Og að einu leyti enn er núverandi sýning býsna ólík þeim sem við sáum í Nýló forðum daga, því hún er uppfull með skírskotunum í ýmsan vanda heims og samfélags, loftslagsvá, farsóttir, kynvitund, gervigreind, „nýlendustefnuafleiðingar“, stríð og flóttamenn og að síðustu það sem kallað er „samfélagskrímlið“, skepnuna sem situr á stafræna fjósbitanum og eitru fyrir okkur með öfgakenndum tilbúningi, falsfréttum og öðru því sem vellur upp úr skólpræsunum. Gamla „nýlistin“ fjallaði eiginlega mest um sjálfa sig og nafla listamannanna.

Handan rökhyggju

Það er líka tímans tákni að verkin á þessari sýningu eru lögð fram undir merkjum „listrænna rannsókna“ fremur en framsækinnar myndlistar. Með verkum sínum er listamaðurinn sagður skapa sérstaka



Brot af annars konar þekkingu í Nýlistasafninu er samsýning á verkum tékkneskra og íslenskra listamanna.

MYND/VIGFÚS BIRGISSON



Verk eftir Tomáš Javůrek & Screen Saver Gallery. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

tegund „þekkingar“, ekki sist með því að bera sig eftir því sem finnst „handan rökhyggju“, eins og segir í formála að sýningunni. Í mörgum listaskólum á Vesturlöndum, einkum þeim sem þurfa að réttlæta tilveru sína í akademísku sambhengi, er mönnum nú tíðrætt um myndlist sem rannsóknir og þekkingarleit, fremur en eigingildi listsköpunar. Góð hugmynd út af fyrir sig, eins og Gandhi svaraði þegar hann var

spurður álits á amerísku lýðræði. Vandinn er sá að til þessa hefur engum tekist að skilgreina til fullustu hvers konar þekking verður til við sköpun myndlistar, hvernig hún er vísindalega sannpröfuð og hverju hún bætir við viskubrunn mannkyns.

Strangt til tekið verður alltaf til ný „þekking“ þegar nýtt myndverk sér dagsins ljós, því reikna má með að engin tvö verk eftir sama listamann séu nákvæmlega eins. En ég geri ekki ráð fyrir að menn vilji skilgreina „þekkingu“ svo losaralega. Og ef einhvers konar „þekkingu“ eða „sannleik“ er að finna í myndverki, sem er ekki ósennilegt út af fyrir sig, hvernig lýsa þeir þættir sér og hvernig er hægt að yfirfæra þá á myndlistina almennt – og listir almennt?

Flóttamannaminni

En auðvitað er hægt að skoða þessa sýningu Nýlistasafnsins sér til gagns og gamans, án þess að velja fyrir sér hvort hún geri okkur kleyft að „horfa á heiminn utan rökhyggju“, eins og segir í sýningarhrá. Og þá á forsendum gömlu, góðu skynjunarinnar.

Verk Juliönu Höschlovu „Gallar“ er mögnuð innsetning, kuldaúlpur barna sem dreift er tvíst og bast um gólf, en þær eru um leið myndfletir sem búið er að skreyta með litríkum lífrænum formum. Þetta er flóttamannaminni sem ber í sér von um nýtt líf. Annað áleitið minni úr samtíma eru andlitsgrímur Michaels

”

Það er líka tímans tákni að verkin á þessari sýningu eru lögð fram undir merkjum „listrænna rannsókna“ fremur en framsækinnar myndlistar.

Nosek, sem eru hvort tveggja í senn mjúkir skúlptúrar og málverk. Og „Viðtöl við skrímslið“, innsetningar Evu Kofátkovu, eru hlutgervingar „annarleikans“ (e. the other), og kallar fram óþægilegar tilfinningar á borð við ótta, áhyggjur og kvíða, en eru um leið til viðræðu um þær. Ef eitthvað er færast sýndur of mikið í fang, eru með of margar tegundir „þekkingar“ undir, alltént ef miðað er við sýningarplássid. En það er gott að fá þennan andblá úr öðru myndlistarsamfélagi. ■

NIÐURSTAÐA: Áleitin og ógrandi sýning, en færast of mikið í fang.

Kristín Eiríks og Bergþóra í Borgarbókasafni

tsh@frettabladid.is

Rithöfundarnir Kristín Eiríksdóttir og Bergþóra Snæbjörnsdóttir koma fram á annarri Kveikju ársins í Borgarbókasafni Grófinni fimmtudaginn 23. febrúar. Þar munu þær ræða saman um reynslu af innsæi í lífi og list. Skáldverk þeirra beggja hafa hlotið verðskuldaðar viðurkenningar og athygli fyrir sterkar og næmar skáldskaparraddir og skrifa þær inn í ólík form.



Kristín Eiríksdóttir



Bergþóra Snæbjörnsdóttir

Kveikja er röð hugvekja lista og fræða um eld, innblástur, skrif, skáldskap, leikhús, hugsun, skynjun og sköpun sem fer fram í Borgarbókasafni.

„Prómeþeifur færði fórn þegar hann stal eldinum frá guðunum og gaf mannfolkinu að gjöf. Eftir það var hann fjöttraður við klett og örn át úr honum lífrina dag hvern til að refsa honum. En á hverri nóttu greri lífrin aftur,“ segir í tilkynningu Borgarbókasafnsins.

Kristín Eiríksdóttir, rithöfundur, ljóð- og leikskáld skrifar innan ólíkra bókmenntategunda, jafnt ljóð, smásögur, skáldsögur og leikrit og hefur einnig fengist við þýðingar. Kristín hefur hlotið fjölda viðurkenninga, Fjöruverðlaunin og Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Elín, ýmislegt. Nýjasta skáldsaga hennar, Töl, var tilnefnd til bæði Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.

Bergþóra Snæbjörnsdóttir, rithöfundur og skáld, hefur skrifað bæði ljóð, prósa, sviðsverk og kvikmyndahandrit. Fyrsta skáldsaga hennar, Svinshöfuð, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut Fjöruverðlaunin. Nýjasta verk Bergþóru, Ljóðsagan Allt sem rennur, segir frá harmi og hráslagalegum veruleika með berskjaldandi lýsingum af mikilli list.

Viðburðurinn stendur frá kl. 17.00-17.45 fimmtudaginn 23. febrúar og eru öll velkomin. ■

Splundraði sex milljón króna skúlptúr

tsh@frettabladid.is

Postulínsskúlptúr eftir bandaríska listamanninn Jeff Koons splundraðist eftir að kona hrinti honum niður af stöpli sínum á listamessunni Art Wynwood í Miami í síðustu viku. Skúlptúrin er úr hinni þekktu Blöðruhundurseríu (e. Balloon Dog) eftir Koons og var metinn á 42.000 Bandaríkjadali, andvirði rúmra 6 milljóna króna.

Listamaðurinn og safnarinn Stephen Gamson greindi frá atvikinu á Instagram en að sögn hans átti það sér stað á VIP-foropnun listamessunnar síðasta fimmtudag, 16. febrúar.

„Þessi kona hrinti listaverkinu niður. Ég varð vitni að þessu öllu



Skúlptúrin er úr hinni þekktu Blöðruhundurseríu bandaríska listamannsins Jeff Koons.

saman. Það splundraðist í þúsund brot. Eitt af því klikkaðasta sem ég hef séð,“ skrifaði Gamson á Instagram og kvaðst einnig hafa reynt að kaupa brotin af listaverki Koons.

Cédric Boero, svæðisstjóri gallerisins Bel-Air Fine Art, sem sá um



Jeff Koons og gestur fyrir framan Blöðruhundurskúlptúr líkum þeim sem brotnaði í Bernardaud-versluninni í New York 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

básinn þar sem verk Koons var sýnt, sagði að um slys hefði verið að ræða og að konan sem sökuð er um að hafa hrint skúlptúrnum hafi aldrei ætlað sér að brjóta verkið.

„Það er auðvitað ómurlagt að sjá svona íkonískt verk eyðilagt. Hins vegar þá ætlaði safnarinn sér aldrei að brjóta skúlptúrinn og í raun snerti hún verkið ekki með berum höndum,“ sagði hann í samtali við Artnet News og bætti við að líklegast hefði konan stjakað við stöplinum með fæti sínum sem olli því að verkið féll í gólfid.

Starfsfólk gallerisins hreinsaði upp brotin og þurfti konan sem bar ábyrgð á slysinu ekki að borga fyrir skúlptúr Koons enda var gallerið tryggt í bak og fyrir. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI



Elfar Aðalsteins og Anna María Pitt á hátíðinni um helgina.

Sumarljós í Santa Barbara

toti@frettabladid.is

Kvikmyndin Sumarljós og svo kemur nóttin, eftir Elfar Aðalsteins, hlaut um helgina verðlaun sem besta norræna kvikmyndin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Santa Barbara þar sem mikið var um dýrðir á meðan hún stóð yfir í liðinni viku.

Elfar, sem skrifaði handrit myndarinnar eftir samnefndri skáldsögu Jóns Kalmans, og eigin-kona hans, Anna María Pitt, sem fer með eitt aðalhlutverkanna, voru viðstödd hátíðina og tóku við verðlaununum.

„Það er mikill heiður fyrir okkur að vera verðlaunuð á þessari glæsilegu gamalgrónu hátíð og að fá svona innilegar viðtök frá áhorfendum var alveg yndislegt,“ sagði Elfar þegar hann tók við verðlaununum. „Þetta gefur okkur mikinn meðbyr við kynningu og dreifingu á myndinni erlendis.“

Stjörnurnar skinu skært á hátíðinni þar sem leikararnir Cate Blanchett, Jamie Lee Curtis, Colin Farrell og Brendan Gleeson voru verðlaunaðir ásamt leikstjórunum Martin McDonagh og Darren Aronofsky.

Sumarljós og svo kemur nóttin var frumsýnd á Íslandi í október á síðasta ári og er nú aðgengileg í VOD-leigum landsins. ■



Joe er enn í drápshug og er kynntur til leiks undir ljúfum söng Margrétar.

Varist í vök

toti@frettabladid.is



Margrét Rán Magnúsdóttir, söngkona og lagahöfundur

Netflix auglýsir nú grimmt endurkomu Joe, hins skæða en dagfarsprúða morðingja í fjórðu þáttaröð You, sem byggir á spennubókum Caroline Kepnes. Yfir kynningarstíklunni, sem flýgur hátt á

YouTube og vitaskuld Netflix þessa dagana, ómar angurvær og undurfögur útgáfa af hinu sigilda lagi Always Something There To Remind Me, eftir textahöfundinn Hal David og nýlátna sénið Burt Bacharach. Þekktasta útgáfa lagsins með Naked Eye er miklum mun fjórlegri en tónlistarkonan Margrét Rán, stundum kennd við Vök, á heiðurinn af seiðandi söngnum að þessu sinni og gerir lagið algerlega að sinu. ■

Hollenskt ígildi Napóleonskjals talið vísa á niðurgrafið nasistagull

Ævintýrlegur söguþráður spennu myndarinnar Napóleonskjölin er ekki eins fjarstæðukenndur og ætla mætti og kallast á við nýlegar fréttir af einhvers konar gullæði í Hollandi eftir að fjársjóðskort nasista frá 1945 var gert opinbert.

toti@frettabladid.is

The Guardian, The New York Times og fleiri fjölmiðlar greindu í janúar-byrjun frá að gamall gullgrafara-draumur væri vaknaður eftir að hollenska þjóðskjalasafnið létti leynd af gríðarlegum fjölda skjala úr heimsstyrjöldinni síðari og gerði aðgengileg á vefnum.

Þar á meðal er nokkuð nákvæmt fjársjóðskort sem talið er vísa á fjóra skotfærakassa fulla af gullmynt, skartgripum, demöntum og öðrum eðalsteinum sem þrálát sagan segir að þýskir hermenn hafi grafið í jörð rétt áður en her bandamanna frelsaði Arnhem í Hollandi.

Þegar fjársjóðskortið skaut aftur upp kollinum blés það ekki aðeins lífi í þrálátan draum um að nasistagull leyndist neðanjarðar skammt utan við bæinn Ommeren í nágrenni Arnhem heldur renndi það einnig ákveðnum stöðum undir býsna ævintýrlegan grunn atburðarásar spennu myndarinnar Napóleonskjölin.

Ótrúleg tilviljun


„Það er aðallega hvað þetta er ótrúleg tilviljun vegna þess að þetta er svo náskyld plotti myndarinnar,“ segir leikstjórinn Óskar Þór Axelsson sem frumsýndi Napóleonskjölin rétt um það bil mánuði eftir að The Guardian birti fyrstu fréttina um nasistagullið og fjársjóðskortið.

„Ég fékk þrjá tölvupósta erlendis frá á sama klukkutímanum eftir að The Guardian birti fyrstu greinina um þetta,“ heldur Óskar Þór áfram og ljóst að fólk sem til þekkti var fljótt að tengja skáldskapinn við raunveruleikann.

„Þetta sýnir hvað það var algengt að nasistar hafi verið að stela verðmætum og fela í lok styrjaldarinnar. Við erum enn í dag að grafa upp allskyns leyndarmál frá þeim. Rétt eins og persónur myndarinnar.“

Helmut S. kjaftaði frá

Ýmsar sögur hafa í gegnum tíðina gengið af fjársjóðnum og hvar hann kunnir að vera niður kominn, ef hann er þá yfirleitt einhvers staðar að finna. Hins vegar er almenn eining um að gössið sé metið á eitthvað



Ef myndin af fjársjóðskortinu prentast vel er ekkert því til fyrirstöðu að drifa sig til Hollands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Við erum enn í dag að grafa upp allskyns leyndarmál frá þeim.



Óskar Þór Axelsson

í kringum milljarð íslenskra króna á núvirði þannig að fyrir bjartsýna og áhugasama er eftir þó nokkru að slægjast.

Helsta heimildin um fjársjóðinn að kortinu meðtöldu er málglæði hermaðurinn Helmut S. sem sagði hafa orðið vitni að því þegar gössið var grafið en hann fullyrti að hermennirnir hefðu látið greipar sópa þegar peningaskápur

sprakk í sprengjuárás á útibú Rotterdambanka í Arnhem. Þeir hafi síðan grafið ránsfenginn á flotta undan herliði bandamanna í apríl 1945.

Leynardómar nasistanna

„Þetta sýnir meðal annars að þótt söguþráður myndarinnar virðist ævintýrlegur er hann alls ekki svo fjarstæðukenndur,“ segir Marteinn Þórsson, handritshöfundur Napóleonskjölinna, og bætir við að gömul, óupplýst leyndarmál nasistanna búi enn yfir drungalegu aðdráttarafla. „Bæði fyrir fjársjóðsleitafólk og einnig rithöfunda og kvikmyndagerðarfólk.“

Fréttirnar frá Hollandi benda í það minnsta til þess að áhuginn á leyndardómum nasista lifi enn góðu lífi og þannig hefur The Observer eftir Annet Waalkens, ráðgjafa hjá þjóðskjalasafninu, að fjöldi rannsakaenda, blaðamanna og frístundafornlifafræðinga hafi sýnt skjölunum áhuga og séu spenntir.

Glatað fé

Sagnfræðingar efast þó margir nokkurn tímann finnast og þannig telur sagnfræðiprófessorinn Joost Rosendaal að flugher Breta hafi sprengt ofan af felustaðnum þegar hann lét sprengjum rigna yfir Ommeren og nágrenni í apríl 1945 og þá hljóti heima-



Þótt söguþráður myndarinnar virðist ævintýrlegur er hann alls ekki svo fjarstæðukenndur.



Marteinn Þórsson

fólk eða hermenn bandamanna að hafa fundið þýfi þeirra þýsku. Nú eða að þjóðverjarnir hafi þá þegar verið búnir að koma fjársjóðnum á annan felustað.

Íbúar Ommeren er síðan misánægðir með að fjársjóðskortið er nú öllum aðgengilegt og sveitarstjórnin hvetur lukkuriddara eindregið til þess að láta meintan fjársjóðinn eiga sig enda sé í raun bannað að grafa eftir honum.

Eitthvað sem persónur Napóleonskjölinna myndu líklega láta segja sér í það minnsta kosti þrisvar. ■



Nasisti á Vatnajökli með leyndarmál í skjalatösku í Napóleonskjölinum.



Vélsleðar á flugi í miðbænum

Ný kynslóð snjócrossara er tekin við, betur varin en sú sem keppti á árum áður.

MYNDIR: HELGI JÓNSSON

Þögnin var heldur betur rofin á svæðinu kringum tjörnina í miðbæ Ólafsfjarðar um síðustu helgi þegar fjöldi snjósléða tókst á loft í snjócross-keppni af kappsamari gerðinni.

ser@frettabladid.is

Djarfar vélsleðakempur fóru mikinn um helgina, ef ekki hreinlega með himinskautum, á tryllitækjum sínum í Ólafsfirði þar sem fyrsta umferð til Íslandsmeistara í vetrarsporti því sem kennt er við snjócross fór fram.

Mót af þessu tagi hafa verið haldin með hléum frá aldamótunum – og það er kannski til marks um seinni tíma veðurlag að aka þarf snjónum inn í bæ, þar eð snjóalögin sem þar eru fyrir eru einfaldlega ekki nógu mikil til að taka við vélsleðum í loftkóstum.

Og þá er ekki ónýtt að fjölskyldan að baki verktakafyrirtækinu Árna Helgasyni ehf. hafi hvað mestan áhuga á sportinu í bænum, en hjóla-skóflur og gröfur frá því kompaníinu eru fengnar til að færa snjóinn til.

Snjónum safnað

„Raunar er þetta spurning um fyrirhyggju,“ segir Helgi Reynir Árnason úr verktakafjölskyldunni, „en við



Helgi Reynir fylgist íbygginn með keppninni – á margnotuðum snjónum.



Ég keppti í tíu ár og meiddi mig oft, stútaði meðal annars á mér báðum hnjúnum.

Helgi Reynir Árnason

söfnum snjónum sem við ryðjum af götum í bænum á einn stað – og svo notum við hann í þetta at,“ útskýrir hann.

Og það oftast en einu sinni. „Jú, við vorum með skiðagöngumót um þar síðustu helgi og notuðum snjóinn þá, tókum hann svo burt og notuðum svo aftur í snjócrossið um síðustu helgi. Svo þetta er margnotaður snjór.“

Margar byltur að baki

Sjálfur á Helgi Reynir marga byltuna



Snjócross er mikið sjónarspil, en sleðarnir ná allt að 100 kílómetra hraða.

að baki í þessu tilþrifamikla sporti – og hann kveðst geta vottað það að þetta sé stórhættulegt sport, enda fara menn um á harðaspani á upp undir 100 kílómetra hraða.

„Ég keppti í tíu ár og meiddi mig oft, stútaði meðal annars á mér báðum hnjúnum,“ segir hann en bendir á að öryggisbúnaðurinn sé orðinn allt annar og betri í dag en áður fyrr.

Ný kynslóð

Og næsta kynslóð er tekin við, betur

varin en sú á undan, svo sem Árni Helgason, sonurinn og alnafni afa síns og stofnanda verktakafyrirtækisins umrædda, en hann vann um helgina í sínum flokki, þrettán ára guttinn.

Keppt er í styrkleikaflokkum eftir getu manna og sleðanna – og hver hringurinn af öðrum farinn áður en úrslit ráðast.

„Það meiddist enginn í ár, alltént ekkert alvarlega, en menn lemstrast nú alltaf eitthvað,“ segir Helgi Reynir Árnason. ■

SÉRFRÆÐINGURINN

Wednesday Addams alveg aðal núna

Valgerður Gunnarsdóttir, verslunarstjóri í Partýbúðarinnar

„Þetta byrjar alltaf rólega á daginn og svo þegar krakkarnir eru búnir í skólanum þá verður sprenging,“ sagði Valgerður Gunnarsdóttir, verslunarstjóri í Partýbúðinni, sem var að búa sig undir sprengidags-sprenginguna í búðinni milli klukkan 16-18 í gær, aðfangadag öskudagsins í dag.

„Þetta er náttúrlega allt voðalega svipað,“ segir Valgerður þegar hún er spurð hvort hún hafi orðið vör við einhverjar tiskubylgjur í búningavali hjá krökkunum í ár.

Hún segir þannig sveiflurnar ekki miklar frá ári til árs þótt ættarlaukur Addams-fjölskyldunnar, hún Wednesday, hafi komið sterk



Wednesday Addams. MYND/PARTÝBÚÐIN

inn núna. „Núna var Wednesday Addams náttúrlega alveg aðal og allt sem henni tengdist.“

Eitthvað sem má teljast sérlega viðeigandi þar sem öskudagur ber að sjálfsgöðu upp á miðvikudegi.

Á sama tíma fyrir ári nefndi Valgerður Köngulóarmanninn, uppblásnar risaeðlu og búninga úr Netflix-þáttunum



Squid Game sem þá héldu enn vinsældum sínum frá árinu þar áður.

Netflix virðist þannig vega nokkuð þungt í búningatisk-

Valgerður segir sveiflurnar í búningatiskunni ekki miklar milli ára en segir Wednesday hafa komið sterka inn í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar Fréttablaðið ræddi við Valgerði fyrir stóra hvellinn síðdegis í gær var nóg til og hún taldi enga hættu á því að lagerinn myndi tæmast. „Auðvitað seljast alltaf einhverjir búningar upp en við verðum aldrei uppiskroppa. Við vinnum ekki þannig,“ sagði hún glettin.

„Og svo náttúrlega vorum við að fá hundabúninga. Það er voðalega skemmtileg nýbreytni. Hundurinn getur verið Spiderman, Superman og lögga. Meira segja risaeðla og pylsa og hvað eina.“ ■



Hundabúningur. MYND/PARTÝBÚÐIN

Velliðan í kjölfar virðingar

Vigdís Hafliðadóttir og félagar hennar í grínarahópnum VHS ætla að bjóða gestum sínum að stíga inn í ákveðinn heildarheim á nýrri sýningu í Tjarnarbíói þar sem þau velja nú velliðan eftir að hafa krafist virðingar fyrir fullu húsi allt síðasta leikár.

odduravevar@frettabladid.is

Einn heitasti uppistandshópur landsins, VHS, kemur vel undan annasömu ári og velur nú velliðan í nýrri uppistandssýningu sem þau frumsýna í Tjarnarbíói á laugar-daginn.

„Við erum auðvitað mjög spennst og hlökkum mikið til að snúa aftur. Við ætlum að reyna að ausa aðeins úr viskubrunni okkar. Það er búið að vera mikið að gera og maður lærir ýmislegt af því sem tengist velliðan,“ segir Vigdís Hafliðadóttir sem var einmitt í höfundateymi áramótas-kaupsins.

Brjálað að gera

Hópin skipa auk Vigdísar þeir Vilhelm Neto, Hákon Örn Helgason og Stefán Ingvar Vigfússon en þau höfðu nóg að gera á síðasta ári og létu sér ekki nægja að krefjast hástöfum virðingar svo eftir var tekið.

Þau fóru einnig í sýningarferð til Danmerkur og voru á kafi í dagskrár-gerð um haustið; fyrir söfnunarþátt Rauða krossins og Fullveldisdag-skrá VHS auk þess sem greina mátti fingraför þeirra á áramótaskaupinu.

Spunnið í Los Angeles

Þau taka engu að síður brakandi fersk á móti nýju ári en Vigdís þó sjálfsagt ferskust enda nýbúin að gefa út og vekja athygli með laginu og myndbandinu „Hún ógnar mér“ og var að koma heim frá Los Angeles þar sem hún lærði spuna og ræktaði andann.

„Já. Ég var í hverfi sem ég veit ekki hvort þú hafir heyrt um. Það heitir Hollywood,“ segir Vigdís og hlær áður en hún tekur fram að hún sé að grínast. „Ég var að læra spuna og var á skrifnámskeiðum. Þetta var geggjað og mjög skemmtilegt,“ segir Vigdís sem bætir því við að Holly-wood sé eðli málsins samkvæmt alvöru grínmekka með stórkostlegri grínsenu.

Alls konar pælingar

Vigdís segir hugmyndina að baki því að VHS valdi velliðan hafi einmitt kviknað út frá því hvað það sé mikið að gera í kjölfar veirufársins sem enginn nennir lengur að tala um.

LANDSSÍMINN

Maskadagarnir gömul hefð á Ísafirði

ser@frettabladid.is



Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðar

„Þessi síður hefur fylgt okkur um aldir og rekur líklega sögu sína aftur á

nítjándu öld,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri á Ísafirði, en æði margir landsmenn ráku upp stór augu í byrjun vikunnar þegar fréttamiðlar sýndu ísfirski krakka á bak við grímur og búninga af öllu tagi – og héldu einhverjir að þeir hefðu farið dagavíllt.

En grímubúningar eru ekki bara bundnir við óskudaginn á Ísafirði,



Vigdís Hafliðadóttir og félagar í VHS vita hvar velliðan er að finna. MYND/ADSEND



Það er búið að vera mikið að gera og maður lærir ýmislegt af því sem tengist velliðan.

Vigdís Hafliðadóttir

„Ég held að margir tengi. Það er allt búið að fara svo hratt af stað eftir þetta og allt í einu er fólk að hrasa viðs vegar, búið að vinna mjög yfir sig og það er ekki óalgengt í svona hröðu samfélagi að fólk þurfi aktíft að velja velliðan,“ segir Vigdís.

Vigdís segir uppistandið því verða annað og meira en aðeins þau með hljóðnema á sviði. Þau ætli að koma allskonar pælingum frá sér á ólíkan hátt, meðal annars með sketsum, á veglegri sýningu.

Andleg upplýfting

Aðspurð segist Vigdís vona að

sýningin muni gera eitthvað fyrir andlega heilsu gesta. „Já ég vona það. Hláturinn lengir lífið, þannig ef fólk hlær er það frábært. Ef fólk finnst við ömurleg þá fær fólk líka oft mikið kikk út úr því að tala illa um aðra, þannig það er bara margt jákvætt í þessu,“ segir Vigdís létt í bragði.

Hvað eigin leit að velliðan varðar segist Vigdís vera að reyna að vinna minna núna, með áherslu á að hún sé að reyna og vísar aftur til þessa sýningarinnar sem byrjað er að selja inn á á Tix.is.

Vigdís bætir því við að það sé skemmtilegt við þennan bransa hversu uppskeran skili sér oft seint. „Maður semur kannski eitthvað lag fyrir löngu og veit ekkert hvernig það leggst í fólk. Eða semur grín heima hjá sér, einn. Þannig það er svo gott að finna að maður sé ekki að gera þetta í tómi,“ segir Vigdís.

Hún ítrekar að VHS velji svo sannarlega velliðan þar sem enginn verði svikinn í heljarinnar uppistandi sem verði samt svo miklu meira en það. „Þetta er ákveðinn heildarheimur sem við bjóðum gestum að ganga inn í.“ ■

þýtt að litlu krílin hafi ekki þorað út fyrir hússins dyr. En líklega er það nú aflagður óknyttur.

Sjálf gleymir Arna Lára ekki minningunum frá æskuárunum þegar hún hélt fast í síðinn at arna ásamt jafnöldrum sínum. „Núna tek ég bara á móti möskum,“ segir bæjarstjórinn sem minnst þess að krakkarnir í hennar æsku hafi bara farið á milli heimila til að sníkja gotteri, en núna leggi þau líka leið sína í fyrirtæki og stofnanir.

„Þetta verður nú ekki ísfirskara,“ segir Arna Lára og leggur áherslu á að maskadagarnir séu einvörðungu bundnir við bæinn við Skutulsfjörð. „Við erum alltaf sér á parti,“ segir bæjarstjórinn að lokum. ■



Vestfirskar kynjaverur á maskadegi. MYND/GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

heldur byrjar búningafjörð þar á bænum á bolludegi og varir fram á óskudag. Sagan segir að fagnaðarlætin nái hámarki á óskudeginum þegar eldri krakkar mega stríða þeim minni, sem á stundum hafi



BÍÓ
bærinn

BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.

KVIKMYNDIR.IS



HRINGBRAUT



Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR



BAKÞANKAR



Arnars Tómasar
Valgeirssonar

Glerbólgan

Ég man enn þá eftir mínum fyrstu kynnum af hækkanði verðlagi. Í hverfissjoppunni í Þingholtunum var rúkað fyrir nammið í stykkjatali þegar ég var ungur. Þetta var jú áður en vigtirnar ruddu sér rúms og sugu allan djassinn út úr því þegar sjoppukarlar og kerlingar slumpuðu á hvenær þú værir kominn í hundraðkallinn.

Uppáhaldsnammið mitt á þessum tíma var saltpillan sem kostaði eina krónu. Fyrir hundrað krónur var þannig hægt að fá stútfullan poka (þann úr græna plastinu) af þessu svarta gulli. Hvílikur dill! Ef ég fann glerflösku á víðavangi var hægt að skila henni fyrir fimmtán krónur eða jafnmargar pillur.

Þar sem að saltpillan var í rauninni eina varan sem ég keypti fyrir minn eigin pening á þessum tíma var það mikið áfall þegar hún hækkaði upp í tvær krónur í sjoppunni minni. Hundrað prósent hækkan – það var jú ekki hægt að fara neinn milliveg með þessa minnstu einingu gjaldmiðilsins.

Nú fengust ekki nema fimmtíu pillur fyrir einn grænan seðil. Ég þurfti að safna tvisvar sinnum fleiri glerflöskum fyrir sama magn af pillum. Þetta var glerbólga. Ég var gríðarlega hnugginn en það var lítið hægt að gera. Það voru jú engin hagsmunasamtök sem börðust fyrir réttindum nammigrísra.

Í dag eru útgjaldaliðirnir orðnir fleiri og það er ómögulegt að halda utan um verðsveiflurnar á þeim öllum. Ég veit sjaldan hvenær það er verið að svindla á mér því ég veit ekkert hvað er sanngjarnt verð lengur. Mér fannst þægilegra að geta hugsað um hlutina í glerflöskum. ■



Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

UMHVERFISMERKI

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is